

Fundargerð 44. þings SSF

Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja
Haldið á Hótel Selfossi
dagana 18.–19. mars 2010



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



Efnisyfirlit

Þingsetning	3
Nafnalisti þingfulltrúa á 44. þing SSF 18. og 19. mars 2010	3
Autorisasjon – fagleg vottun fjármálaráðgjafa	5
Skýrsla stjórnar	8
Kjaramál	9
Atvinnumál	10
Lokaorð.....	11
Tillögur um breytingar á samþykktum SSF kynntar	12
Kynning nefndarálita	14
Kynning frambjóðenda í kosningum til stjórnar SSF	15
Umræður og afgreiðsla nefndarálita	15
Kynning á starfsemi NFU,.....	17
Umræður og afgreiðsla nefndarálita	17
Laganefnd	17
Allsherjarnefnd I – Jafnræðisnefnd	18
Allsherjarnefnd II – Þjóðfélagsmál.....	19
Allsherjarnefnd III – Stefnumótun og styrktarsjóður	19
Kjaranefnd	22
Fræðslunefnd	23
Fjárhagsnefnd	24
Kjör til stjórnar SSF	26
Önnur mál	27
Þingslit	27
Samþykktir SSF	28
Samþykktir fyrir vinnudeilusjóð SSF	32
Starfsreglur Menntunarsjóðs SSF	33
Samþykktir styrktarsjóðs SSF	34

Fimmtudagur 18. mars

Pingsetning

Friðbert Traustason setti þingið klukkan 09:20 og bauð þingfulltrúa velkomna til þessa 44. þings SSF.

Nafnakall og kjörbréf lögð fram

Sigurður Albert Ármannsson SSF og Hilmar Gylfason SSF úr Kjörbréfanefnd lögðu fram kjörbréf til samþykktar eftir nafnakall þingfulltrúa. Kjörbréf voru samþykkt án athugasemda. Þingið sátu alls 65 þingfulltrúar.

Nafnalisti þingfulltrúa á 44. þing SSF 18. og 19. mars 2010

Starfsmannafélag

SfSeðlabanka

2

FSLÍ

17

Nafn

Bryndís Pétursdóttir

Örn Jónasson

Helga Jónsdóttir,

Andrés Erlingsson

Guðlaug E. Bóasdóttir

Borga Harðardóttir

Sigurbjörg Guðmundsdóttir

Vigdís Gunnarsdóttir

Hrafnhildur Ýr. Kristjánsdóttir

Margrét Jónsdóttir

Elín H. Njálsdóttir

Vigdís Sigurðardóttir

Þórunn K. Þorsteinsdóttir

Anna Kjartansdóttir

Kolbrún Ingimarsdóttir

Gústav Gústavsson

Kjartan Nielsen

Jóhann Jökull Ásmundsson

Agnes Hlöðversdóttir

SfArionbanka

15

Sæbjörg Richardsdóttir

Guðmunda Gunnarsdóttir

Mónika Sóley Skarphéðinsdóttir

Kristín Jóhanna Helgadóttir

Halla Ingvarsdóttir

Aðalbjörg Sigurðardóttir

Helena Rúriksdóttir

Margrét Ólafsdóttir

Sigurveig Ágústsdóttir

Magnea Huld Aradóttir

Thelma Reynisdóttir

Sigurlaug Friðriksdóttir

Ingvar Breiðfjörð

Hlíf Berg Gísladóttir

Hildur Ottesen

SÍ

14

Anna Finnbogadóttir

Brynjar Már Brynjólfsson

Camilla Ósk Hákonardóttir

Ernir Ingason

Hannes Ingvar Jónsson

Inga Guðný Hauksdóttir

Kristín Lilja Lárusdóttir;

Magnús Halldórsson

Oddur Kristjánsson

Oddur Sigurðsson;

Ólöf Eiríksdóttir

Sigríður Hjaltadóttir;

Hafsteinn Gíslason

Soffía Guðmundsdóttir



**SPICE**

1

Hulda Þórsdóttir

SfByr

3

Gréta Kjartansdóttir
Pétur Árnason
Sigrún Kristbjörnsdóttir**SfSpSigl**

1

Guðrún Sif Guðbrandsdóttir

SfSpKef

2

Guðný S Magnúsdóttir

Katrín Skúladóttir

Sigríður Kristín Benjamínsdóttir

SfSpÞing

1

SfSpVestm

1

Anna María Ríkharðsdóttir

SfSpSvarfÓl

1

Guðrún María Haraldsdóttir

SfTeris

2

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigríður Harpa Hannesdóttir

SfValitor

2

Stefán Ari Stefánsson

Sigurður Ingvar Ámundason

**SfByggðast**

1

Lovísa Símonardóttir

SfRB

2

Jón Sveinsson

Kjartan Sigurgeirsson

**Stjórn SSF****Stjórn SSF**

Friðbert Traustason

Anna Karen Hauksdóttir

Heiðrún Hauksdóttir

Hafðís Hansdóttir

Anna Kristín Björnsdóttir

Kjartan Sigurgeirsson

Dagmar Björnsdóttir

**Starfsmenn SSF****Starfsmenn**

Sigurður Albert

Jónína Pálsd

Hilmar Gylfason

Sveinn Sveinsson lögmaður

Þingforseti

Helga Bragadóttir

Varaforseti þings

Sigurjón Gunnarsson

**Gestir og áheyrnarfulltrúar****Áheyrnarfulltrúi**

Sigríður Friðgeirsdóttir

Áheyrnarfulltrúi

Sigurður Ingi Svavarsson

Áheyrnarfulltrúi

Bárður Helgason

Erlendir gestir

Vibeke Ulvin

Christina Colclough

Christian Bauer

**Kosning embættismanna þingsins**

Helga B. Bragadóttir SÍ var kjörin þingforseti og til vara Sigurjón Gunnarsson FSLÍ. Þingritarar voru kjörnir Dagmar Björnsdóttir VÍST og Sigurlaug Friðriksdóttir SfArion banka. Vararitarar voru kjörnir Anna Kjartansdóttir FSLÍ og Inga Guðný Hauksdóttir SÍ.

Helga B. Bragadóttir þingforseti hóf þingstörfin á því að leggja eftirfarandi gátu fyrir hópinn:

Líkamspartur einn ég er

Til útilegu gleymdu ei mér

Æ mig geymir Árnesþing

Oddvæddur ég klakann sting

Því næst kynnti Helga til fyrirlesara dagsins, Vibeke Ulvin, varaformann Finansforbundet í Noregi.

Autorisasjon – fagleg vottun fjármálaráðgjafa.

The Authorization Program for financial advisers (AFR). „A good start is half the job“

Finansforbundet í Noregi hefur unnið að því að starfsmenn fjármálafyrirtækja sem starfa við fjármálaráðgjöf undirgangist sértæk próf sem veita starfsmönnum vottun á sviði fjármálaráðgjafar. Til að fá að fara í þetta vottunarferli verður viðkomandi að hafa unnið í amk eitt ár við fjármálaráðgjöf. Prófin snúa að ýmsum hlutum er snerta starfið, s.s. ráðgjöf, siðfræði, skilningi á þörfum viðskiptavinar og kunnáttu til að vera fær um að kynna honum þær lausnir sem við eiga.

Vibeke sagði okkur frá reynslunni af þessu í Noregi en þar hafa 827 starfsmenn fjármálafyrirtækja þegar hlotið þessa vottun en mun fleiri hafa hafið undirbúning að vottun. Um það bil 60% þeirra sem taka prófin standast þau í fyrstu tilraun.

Vibeke telur að þessi vottun sé mjög mikilvægt framfaraspör fyrir bæði starfsmenn, fjármálafyrirtæki og að sjálfsögðu fyrir viðskiptavinina.

Nokkrir fræðslustjórar og mannauðsstjórar úr fjármálafyrirtækjum mættu til að hlusta á erindið. Þau voru Herdís Pála Pálsdóttir Byr, Magnús Pálsson Byr, Dröfn Guðmundsdóttir Arion, Jónas Hvannberg Arion, Brynja Gröndal, Bergdís Guðnadóttir Landsbankinn, Halla Jónsdóttir Landsbankinn, Camilla Ósk Hákonardóttir var fulltrúi Íslandsbanka.

Að loknu erindinu fékk Vibeke nokkrar spurningar úr sal:

Sigurður Albert Ármannsson frá SSF spurði hvernig Finansforbundet hefði farið að því að fá fjármálafyrirtækin til að samþykkja að ýta þessu verkefni úr vör og greiða kostnaðinn við það. Vibeke svaraði því til að ekki hefðu allir verið samþykkir þessu í byrjun en nú hafi viðhorfið breyst og fjármálafyrirtækin væru nú orðin mjög jákvæð gagnvart þessu.

Camilla Ósk Hákonardóttir frá SÍ spurði hvernig verkefnið hefði farið af stað hjá þeim, háskólinn í Reykjavík ásamt Íslandsbanka hafa reynt að koma af stað svipuðu verkefni en það væru ansi mörg ljón í veginum.

Vibeke svaraði því til að vinnan við þetta hefði hafist 2001 með því að Finansforbundet hóf undirbúning n.k. vottunar fjármálaráðgjafar eitt og sér. Þegar verkefnið var komið vel á veg komu aðrir inn í þetta með þeim og loks fjármálafyrirtækin sjálf. Síðan hefur þetta þróast smátt og smátt.

Helga B Bragadóttir frá SÍ spurði hvort hver sem er gæti fengið þessa vottun, þ.e. getur einhver sem hefur áhuga á að gerast fjármálaráðgjafi farið í þetta án þess að vera starfsmaður fjármálafyrirtækis?

Vibeke svaraði því til að þetta væri einungis fyrir þá sem eru starfsmenn fjármálafyrirtækja sem eru aðilar að þessu verkefni.

Heiðrún Hauksdóttir BYR spurði hvort að vottunin rynni út, hvort það væri gildistími á henni. Vibeke svaraði því til að prófið yrði að taka á tveggja ára fresti til að viðhalda vottuninni en það próf væri þó mun viðamínn en þessi tvö sem tekin eru í byrjun.

Friðbert Traustason SSF þakkaði Vibeke fyrir fyrirlesturinn og kvaðst viss um að þessi vottun væri nokkuð sem yrði tekið upp hér á landi. Hann spurði hana hvort það væru sett einhver lágmarks-menntun sem skilyrði fyrir vottun.

Vibeke sagði að engin lágmarks-menntun væri sett sem skilyrði en það gæti þó breyst með tímanum.

Spurning úr sal – er prófið gilt milli landa?

Vibeke svaraði að þetta próf gildir einungis í viðkomandi landi.

Anna Karen Hauksdóttir SSF spurði hversu stóru hlutverki stéttarfélagið gegndi í þessu vottunarferli.

Vibeke svaraði að stéttarfélagið hefði upphaflega búið þetta til og komið á fót en nú sæti fulltrúi stéttarfélagsins einungis í nefnd sem héldi utan um verkefnið ásamt þeim fjármálafyrirtækjum sem eru aðilar að verkefninu.

Anna Karen spurði einnig hvort viðskiptavinirnir hefðu lýst skoðun sinni á þessu.

Vibeke svaraði því til að það væri ekki komin reynsla á það ennþá.





Jónas Hvannberg mannaússtjóri Arion banka spurði hvort það væri mismunandi vottun á sviði ráðgjafar fyrir viðskiptabankasvið eða fjárfestingarbankasvið.

Vibeke svaraði því að vottunin fælist enn sem komið er eingöngu í ráðgjöf á viðskiptabankasviði.

Jónas Hvannberg spurði einnig um hversu stór hluti þeirra sem sækjast eftir vottun kæmst í gegnum hana, þ.e. næðu prófunum.

Vibeke svaraði því að ef viðkomandi félli þrisvar sinnum á prófi til vottunar væri hann sjálfkrafa útilokaður frá frekari þáttöku.

Friðbert Traustason SSF spurði hver bæri kostnaðinn við vottunina.

Vibeke svaraði því að fjármálafyrirtækin greiddu fyrir sína starfsmenn.

Anna Karen SSF þakkaði Vibeke fyrir erindið og færði henni gjöf í þakklætisskyni. Vibeke fylgdi síðan inn í hliðarsal hópi frá mannaússviðum fjármálafyrirtækjanna sem höfðu áhuga á að fræðast frekar um efnið.

Kaffihlé

Þingforseti hóf þingstörf eftir kaffihlé á því að draga úr innsendum lausnum vegna gátunnar sem lögð var fram um morguninn:

Svarið var Hæll

Fyrstu verðlaun hlaut Magnús Halldórsson SÍ
aukaverðlaun hlutu:

Sigurður Ámundason VÍST

Örn Jónsson SÍ

Halla Ingvarsdóttir Sf Arionbanka

Sigríður Harpa Hannesdóttir SfTeris

Vigdís Gunnarsdóttir FSLÍ

11:00 Skipan fastanefnda þingsins

Þingforseti las upp nefndaskipan

Kosning fastanefnda þingsins

Uppstillinganefnd (5)

Hafdís Hansdóttir, stjórn SSF, umræðustjóri

Brynjar Már Brynjólfsson, SÍ

Helga Jónsdóttir, FSLÍ

Jón Sveinsson, SfRB

Gréta Kjartansdóttir SfBYR

Laganefnd (5)

Brynjar Már Brynjólfsson, SÍ, umræðustjóri

Borga Harðardóttir, FSLÍ

Guðný Magnúsdóttir, SfSpKef

Stefán Ari Stefánsson, SfValitor

Ingvar Breiðfjörð, SfArionbanka

Fjárhagsnefnd

Heiðrún Hauksdóttir, stjórn SSF, umræðustjóri

Pétur Árnason, SfBYR

Anna Finnbogadóttir, SÍ

Helga Jónsdóttir, FSLÍ

Halla Ingvarsdóttir, SfArionbanka

Bryndís Pétursdóttir, SfSeðlabanka

Jónína Pálsdóttir, SSF

Allsherjarnefnd

Nefndinni var skipt í þrjár undirnefndir til að auka skilvirki nefndastarfsins. Jafnræðisnefnd. Þjóðfélags og efnahagsmál, og stefnumótun og starf SSF.

Jafnræðisnefnd:

Anna Kristín Björnsdóttir, stjórn SSF, umræðustjóri

Ernir Ingason, SÍ

Hafsteinn Gíslason, SÍ



Ólöf Eiríksdóttir, SÍ
Guðlaug Elías Bóasdóttir, FSLÍ
Margrét Jónsdóttir, FSLÍ
Pórunn K. Þorsteinsdóttir FSLÍ
Sigurveig Ágústsdóttir, SfArionbanka
Guðmunda Gunnarsdóttir, SfArionbanka
Hólmfríður Sigurðardóttir, SfTeris
Guðrún Sif Guðbrandsdóttir, SfSpSigl

• **Þjóðfélags- og efnahagsmál:**

Kjartan Sigurgeirsson, SfrB, umræðustjóri
Oddur Kristjánsson, SÍ
Soffía Guðmundsdóttir, SÍ
Hrafnhildur Ýr, FSLÍ
Elín H. Njálisdóttir, FSLÍ
Magnea Huld Aradóttir, SfArionbanka
Sæbjörg Richardsdóttir, SfArionbanka
Sigríður Kristín Benjamínsdóttir, SfSpÞing
Sigrún Kristbjörnsdóttir, SfBYR
Sigurður Ingvar Ámundason, SfValitor
Lovísa Sigurðardóttir, SfByggðastofnunar

Stefnumótun og starf SSF:

Anna Karen Hauksdóttir, stjórn SSF, umræðustjóri
Camilla Ósk Hákonardóttir, SÍ
Kolbrún Ingimarsdóttir, FSLÍ
Kjartan Nielsen, FSLÍ
Margrét Ólafsdóttir, SfArionbanka
Thelma Reynisdóttir, SfArionbanka
Katrín Skúladóttir, SfSpKef
Guðrún María Haraldsdóttir, SfSpSvarfÓI

Kjaranefnd

Andrés Erlingsson, FSLÍ, umræðustjóri
Anna Kjartansóttir, FSLÍ
Agnes H. Hlöðversdóttir, FSLÍ
Vigdís Sigurðardóttir, FSLÍ
Jóhann J. Ásmundsson, FSLÍ
Helena Ruríksdóttir, SfArionbanka
Hildur Ottesen, SfArionbanka
Hlíf Berg Gísladóttir, SfArionbanka
Hannes Ingvar Jónsson, SÍ
Magnús Halldórsson, SÍ
Sigríður Hjaltadóttir, SÍ
Hulda Þórsdóttir, SPICE
Jón Sveinsson, SfrB
Örn Jónsson, SfSeðlabanka

Fræðslunefnd

Gréta Kjartansdóttir, SfBYR, umræðustjóri
Aðalbjörg Sigurðardóttir, SfArionbanka
Kristín Jóhanna Helgadóttir, SfArionbanka
Sigurlaug Friðriksdóttir, SfArionbanka
Mónika Sóley Skarðhéðinsdóttir, SfArionbanka
Kristín Lilja Lárusdóttir, SÍ
Oddur Sigurðsson, SÍ
Inga Guðný Hauksdóttir, SÍ
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, FSLÍ
Vigdís Gunnarsdóttir, FSLÍ
Gústav Gústavsson, FSLÍ
Anna María Ríkharðsdóttir, SfSpVestm
Sigríður Harpa Hannesdóttir, SfTeris





Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason formaður SSF flutti skýrslu stjórnar fyrir árin 2007 - 2010

Kæru félagar, ég býð ykkur enn og aftur velkomin til starfa á 44. þingi SSF. Þið hafið skrifaða skýrslu stjórnar í þinggögnum og því mun ég ekki lesa innihald hennar beint, heldur ræða almennt um starf SSF síðastliðin þrjú ár og þá sérstaklega eftir efnahagshrunið 2008, um atvinnumál, kjara- og réttindamál félagsmanna SSF og nauðsyn þess að byggja upp sterkt og öflugt stéttarfélag.



Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja þing SSF og móta stefnu stéttarfélagsins í kjaramálum og réttindamálum fyrir félagsmenn SSF næstu árin og jafnframt að kjósa þá forystumenn, sem framfylgja skulu þeirri stefnu, sem þingið ákveður. Þingið fer með æðsta vald félagsins og stjórn, samninganefnd og starfsmenn SSF eiga fyrst og fremst að framfylgja þeim ákvörðunum og ályktunum, sem þing SSF samþykkir hverju sinni.



Það var annar bragur á þjóðfélaginu og í fyrirtækjarekstri almennt þegar við sátum hér 43. þing SSF, dagana 16. til 18. apríl 2007. Enn var mikill uppgangur, fjármálafyrirtækin og fjármála-starfsemi vaxandi afl og mikil fjölgun starfsmanna bæði hér heima á Íslandi og erlendis. Bankarnir kepptu við erlenda banka, sérstaklega í Evrópu, en höfðu einnig haslað sér völl í öðrum heimsálfum. Laun sérfræðinga voru meira eða minna árangurstengd og launatölnurnar sem við heyrðum talað um og lásu um í fjölmiðlum voru á köflum ótrúlegar. Starfsmenn sömdu um kauprétti upp á hundruði milljóna, eða jafnvel milljarða og meira að segja almennir starfsmenn fengu einhvers konar bónus og gátu nýtt sér kauprétti í hlutabréfum eða stofnbréfum. Nýútskrifaðir háskólamenn fóru fram á 600 til 700 þúsund krónur í byrjunarlaun, og fengu í mörgum, ef ekki flestum tilfellum óskir sínar uppfylltar.



Þingfulltrúar hér á 43. þingi SSF árið 2007 fengu forlata góða skjalatösku í gjöf, með sérstöku hólfi fyrir fartölvu. Í ljósi aðstæðna 2007 ræddu þingfulltrúar það í alvöru að á þinginu 2010 fengju allir þingfulltrúar fartölvu í töskuna góðu, að gjöf. Kannski voru menn bara að grínast, en umræðan segir heilmikið um þann mikla uppgang og þá miklu bjartsýni sem ríkti á Íslandi vorið 2007.



Eftir á að hyggja er það dálítið merkilegt hve bjartsýni okkar var mikil því haustið 2006 fengu öll íslensk fjármálafyrirtæki gula spjaldið, það er aðvörum um að fjármálakerfið væri allt of stórt miðað við landsframleiðslu og verulega væri farið að hitna undir. Bankarnir voru að mati erlendra ráðgjafa, sérstaklega vina okkar í Danske Bank, allt of mikið fjármagnaðir með skammtímalánum, miðað við hvað útlán þeirra voru bundin í langtímalánum. Öfþensla fjármálakerfa í heiminum væri allt of mikil, fasteignabólan hefði gefið af sér afurðir eins og undirmálslán og skuldabréfavafninga, sem að hluta myndi aldrei skila sér til baka til kröfuhafa.



En við Íslendingar erum vertíðarfólk, við reynum að draga í búið þegar vel veiðist og trúum ekki alveg varnaðarorðum, þrátt fyrir að flest merki bendi til annars en óframhaldandi velmegunar. Þannig tókst okkur t.d. að þurrka upp síldarstofninn við Ísland árið 1968. En haustið 2007 virtist sem ýmsir stjórnendur íslenskra fjármálafyrirtækja gerðu sér grein fyrir að vandamál væru hugsanlega í aðsigi og í byrjun árs 2008 var t.d. ljóst að árangurstengdir bónusar yrðu lægri en áður og jafnvel greiddir með hlutafé í stað launa.



Í byrjun apríl 2008 tilkynntu stjórnendur Glitnis og stjórnendur Spron að einhver fækkun starfsmanna væri fyrirsjáanleg á næstu vikum og mánuðum. Í framhaldi af því voru formaður SSF og formaður viðkomandi starfsmannafélags kallaðir á fund mannaútsstjóra fyrirtækjanna þar sem nánar var farið yfir hugsanlegan fjölda starfsmanna, sem sagt yrði upp. Á þeirri stundu var ljóst að eitthvað mikið var í aðsigi, fréttir utan úr heimi um mikil vanskil fyrirtækja og einstaklinga ýttu enn frekar undir það að stórtíðinda væri að vænta. En einhvern veginn tókst eigendum bankanna og stjórnmalámönnum að telja landsmönnum trú um að allt væri í himnalagi hér á landi og fyrirsjáanlegur uppgangur um langa framtíð. En raunin varð önnur, eins og við þekkjum öll.

Fall Lehmann bankans og þar með lokun allra lánalína til Íslands leiddi að lokum til þess að svo til allt íslenska fjármálakerfið hrundi mánudaginn 6. október, Bretar settu á okkur hryðjuverkalög, og gengi krónunnar hrundi. Þessir atburðir breyttu öllu starfsumhverfi félagsmanna SSF, kollvörpuðu öllum áætlunum einstaklinga og settu allt starf félagslega kjörinna fulltrúa SSF og skrifstofu samtakanna á byrjunarreit rústabjörgunar og neyðaraðstoðar.

Formenn SSF, lögmaður SSF og formenn starfsmannafélaga (forysta SSF) viðskiptabankanna þriggja voru strax boðaðir á fundi með starfsmannastjórn bankanna, lögfræðingum, Fjármálaeftirlitinu (FME) og lögfræðistofum er unnu að málefnum bankanna. Skilaneindir voru skipaðar af FME, sem yfirtóku alla stjórn bankanna og sáu um samskipti við kröfuhafa þeirra.

Á fyrsta formlega fundi forystu SSF með fulltrúum frá ríkisvaldinu var tilkynnt að krafa væri uppi um verulega fækkun starfsmanna hjá öllum bönkunum þremur, eða á bilinu 30-40% starfa yrðu

lögð niður strax. Fulltrúar ríkisins tilkynntu einnig að uppsagnarlaun yrðu ekki greidd af gömlu föllnu bönkunum, heldur yrði hver og einn starfsmaður að sækja laun sín til Ábyrgðarsjóðs launa þegar bankinn væri formlega gjaldþrota. Ljóst var að það myndi þýða verulega skerðingu launa á uppsagnarfresti fyrir okkar félagsmenn. Lögum um „aðilaskipti“ yrði ekki framfylgt þar sem neyðarlögin, sem sett voru, tækju þau lög úr gildi hjá bönkunum.



Áfallið var mikið og fyrstu dagarnir þeir erfiðustu sem forysta SSF og félagsmenn allir hafa nokkurn tímann staðið frammi fyrir, því útlit var fyrir að fækkun u.þ.b. 1500 starfsmanna hjá bönkunum þremur. Starfsmannastjórar bankanna börðust strax með forystu SSF og aðildarfélaganna við það erfiða verkefni að fækka þessum uppsögnum með öllum ráðum.



Formaður SSF skrifaði þremur ráðherrum strax bréf og óskaði eftir fundi með þeim. Þetta voru ráðherrar viðskipta, félagsmála og utanríkismála. Þar fór formaður fram á að ríkið tryggði að öll réttindi starfsmanna samkvæmt kjarasamningum yrðu virt að fullu, og að stefnt yrði að eins fáum uppsögnum og hægt væri í ljósi aðstæðna. Viðkomandi ráðherrar svöruðu allir óskum SSF og fullyrtu að kjarasamningar yrðu virtir og laun í uppsagnarfresti greidd. Reyndar fullyrti síðar viðskiptaráðherra á fundi með starfsmönnum í Landsbanka og Glitni að „engum“ starfsmanni yrði sagt upp, en eins og allir vita var ekkert að marka þau orð ráðherrans, enda eflaust fram sett til að kauptu frið í erfiðri aðstöðu.



Allir dagar októbermánaðar voru undirlagðir, frá morgni fram á nótt, af sameiginlegum fundum forystu SSF og formanna starfsmannafélaganna, stjórnendum og þá sérstaklega starfsmannastjórum bankanna, fulltrúum FME og Fjármálaráðuneytisins. Sem betur fer tókst að fækka mjög uppsögnum, en samtals misstu um 700 félagsmenn SSF starf sitt í október 2008 (u.þ.b. 300 í LÍ, 200 í Glitni og 200 í Kaupþingi).



En þrátt fyrir góð orð ráðherranna þriggja á upphafsdögum efnahagshrunsins reyndist erfitt að fá fram skriflegt samþykki ríkis og skilanefnda bankanna við þeirri þá kröfu SSF að kjarasamningar yrðu virtir í einu og öllu. Því var óljóst hvort þeir félagsmenn SSF, sem misstu vinnuna, fengju áfram greidd laun út uppsagnarfrestinn eða hvort öllu yrði beint yfir til Ábyrgðarsjóðs launa. Við þessari sjálfsgöðu kröfu okkar um laun fengum við blendin viðbrögð í þjóðfélaginu, bæði í ræðu og riti. Það fór sérstaklega illa á því að ákveðin stéttarfélög inna ASÍ, þar má sérstaklega nefna félög iðnaðarmanna og Afl á Austurlandi, beinlínist hvöttu til þess að félagsmenn SSF fengju ekki réttlætinu um laun fullnægt. Erfitt er að berjast við andstæðinga, en þegar svokallaðir samherjar okkar félagsmanna SSF leggjast gegn eðlilegum kröfum SSF félagi þá er fokið í flest skjól. Sem betur fer samþykktu skilanefndir bankanna flest allar kröfur SSF um launagreiðslur, með dyggri aðstoð þeirra sem nú stjórna starfsmannamálum innan nýju bankanna. Það sýndi sig í öllu þessu ferli að sú góða samvinna sem forysta SSF og starfsmannafélaganna á við stjórnendur fjármálfyrirtækjanna skilar mestum og bestum árangri þegar að réttindabaráttu kemur, og betri úrlausn vandamála á vinnustað.



Þegar skilanefndir banka

nna og ráðherrar gerðu sér fulla grein fyrir að félagsmenn SSF væru lykilmál í allri endurreisn bankakerfisins, og ásætlanleg lausn á kjaramálum núverandi og fyrverandi starfsmanna væri forsenda fyrir því að vel tækist til, þá náðist samkomulag sem SSF og starfsmannafélagin gátu samþykkt.



Kjaramál

Þegar þingmenn á 43. þingi SSF mættu til þings á Selfossi dagana 13. – 15. apríl 2007 voru enn í gildi kjarasamningar, sem SSF undirritaði við SA 8. desember 2004 og giltu til 30. september 2008. Fyrsta launahækkunin í þeim samningi var 5,25% hækkun allra launa, sem var afturvirk frá 1. október 2004. Þann 1. janúar 2005 hækkuðu laun allra í launaflokki 163 og neðar um einn launaflokk, sem jafngilti 3,4% launahækkun fyrir þá 2500 félagsmenn SSF, sem lægri launin höfðu. Þann 1. janúar 2006 hækkuðu öll laun um 3,75%, þann 1. janúar 2007 um 3,65% og þann 1. janúar 2008 áttu laun að hækka um 2,25%.



Síðasta hækkun þessa samnings var framkvæmd eins og samið var um.

Þegar samninganefnd SSF fór til samningafundar við Samninganefnd bankanna og SA í ágústlok 2008 var ljóst að samningar milli ASÍ og SA yrðu notaðir að mestu leyti sem fordæmi kjarasamninga. Að auki var sú staða komin upp að flestar svörtustu spár um rándýra fjármögnun og almennt erfiða stöðu þjóðarþúsins höfðu ræst. Bankar og sparisjóðir innan okkar raða höfðu þá þegar sagt upp á bilinu 300-400 starfsmönnum vegna minnkandi umsvifa og erfiðleika við endurfjármögnun eldri lána. Enginn gerði sér þó fullkomna grein fyrir því hve staðan var erfið og að í algert óefni stefndi.

Samningaviðræður gengu ágætlega miðað við aðstæður og þann 25. september 2008 lá fyrir nokkuð aðgengilegur kjarasamningur fyrir félagsmenn SSF. Stjórn og samninganefnd samþykktu þau samningsdrög og kallað var til formannafundar og rætt við trúnaðarmenn um afstöðu þeirra til þessara samningsdraga sem fyrir lágu. Samkvæmt ákvæðum þessa samnings hefðu launataxtar



og laun almennt lægri en 550.000 krónur hækkað um tæplega 50.000 krónur frá 1. október 2008 til 1. júlí 2010, og laun þeirra sem höfðu hærri laun hækkað um ca. 6%.

Þessi samningsdrög átti að undirrita og senda í allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna SSF í byrjun október 2008. Því miður kom það aldrei til framkvæmda þar sem samninganefnd bankanna og SA drógu allt til baka þegar ákveðið var að ríkið yfirtæki rekstur Glitnis þann 29. september 2008. Kjarasamningar voru þar með komnir í algert uppnám og frá og með mánudeginum 6. október 2008 þegar neyðarlögin voru samþykkt á Alþingi var uppi alger óvissa um öll réttindi félagsmanna SSF og þar með talin kjör sem ákveðin eru með kjarasamningum.




Í lok nóvember komu samninganefndir SSF og SA saman aftur til að ræða um hugsanlegt framhald kjarasamninga. Margir voru efins um að almennt væri hægt að ná samningsaðilum til raunverulegra kjarasamninga þar sem allt fjármálakerfið var í heildar endurskoðun og staða fyrirtækjanna afar veik. En samninganefnd SSF tókst að sannfæra samninganefnd bankanna/SA um nauðsyn þess að hafa gilda kjarasamninga til að fara eftir. Endurreisn banka og sparisjóða yrði markvissari og auðveldari ef friður væri um kaup og kjör.



Það kom strax fram hjá samningamönnum SA/bankanna að útilokað væri að byggja á fyrri samningsdrögum, og að samningur út fyrir þann ramma sem ASÍ félögin byggju við væri algerlega útilokaður. Véganestið var því að lenda kjarasamningum SSF, sem tryggði þeim lægra launuðu sem skásta útkomu, það er þeim félagsmönnum sem taka laun samkvæmt launatöflum SSF, eða um 75% félagsmanna. Þeir sem voru með hærri laun á þessum tíma höfðu tekið á sig launalækkun við yfirtöku „nýju“ bankanna á þeim gömlu. Þar að auki höfðu um 20% félagsmanna SSF misst vinnuna hjá fjármálafyrirtækjunum, og í þáttunum voru enn frekari uppsagnir ef fyrirtækjunum tækist ekki að draga saman kostnað við rekstur, en um 60% af rekstrarkostnaði viðskiptabanka er launakostnaður.



Samninganefnd SSF samþykkti þessa leið og reyndi að tryggja sem mesta hækkun taxtalauna, enda best fyrir alla að hafa sem stærstan hluta launa sinna tryggð samkvæmt launatöflum. Eftir nokkra ágæta fundi náðust kjarasamningar sem höfðu gildistíma frá 1. nóvember 2008 til og með 31. desember 2010. Aðal efni þess samningsins er tæplega 40 þúsund króna hækkun á öll laun í launatöflu B, og 2,5% hækkun fyrir þá sem eru ofan við launatöflu.



Atvinnumál

Þrátt fyrir öll þau áföll sem riðið hafa yfir fjármálafyrirtækin og starfsmenn þeirra þá er atvinnuástand hjá félagsmönnum SSF ótrúlega gott, sérstaklega í ljósi þess mikla atvinnuleysis sem nú mælist á Íslandi öllu. Í dag eru einungis um 100 félagsmenn SSF á atvinnuleysiskrá, en það er þó tíföldun á atvinnuleysistöllum, því fyrir efnahagshrunið voru aðeins 10 félagsmenn SSF á atvinnuleysiskrá. Atvinnuleysi á Íslandi mælist nú 9,5%, en er sem betur fer aðeins 2,3% meðal félagsmanna SSF. Þetta er ótrúlegt í ljósi þess að um 1600 félagsmenn SSF misstu vinnuna frá apríl 2008 til og með apríl 2009. Um 300-400 hafa aftur fengið vinnu hjá fjármálafyrirtækjunum og er það ánægjulegt. En menntun, reynsla og mikil þekking félagsmanna SSF hefur gagnast þeim vel í atvinnuleit, og sýnir það vel hversu frábærir starfsmenn þeir eru og hátt metnir á vinnumarkaði. Þessi hópur hefur einnig ráðist til starfa í fyrirtækjum sem ekki eru aðilar að kjarasamningum SSF og í mörgum tilfellum hafa fyrirtækin samþykkt áframhaldandi aðild þeirra að SSF. Starfsmenn SSF hafa jafnframt verið í sambandi við forystumenn all nokkurra af þessum fyrirtækjum til að koma á samstarfi við þau.



Flestir nýir starfsmenn fjármálafyrirtækjanna eru nú með háskólamenntun þegar þeir hefja störf, ýmist BA, BS, MA eða MS gráður, en allt upp í doktorspróf. Rúmlega helmingur félagsmanna SSF eru háskólamenntaðir. Margir eldri starfsmenn hafa hlýtt kalli tímans og bætt við sig í fagmenntun, sem auðveldar þeim mjög að breyta til og takast á við ný og fjölbreyttari viðfangsefni. SSF hefur lagt sitt af mörkum með því að leita nýrra námsleiða og allstór hópur hefur þannig sótt námsbraut í MK sem sett var á stofn að frumkvæði SSF. Einnig hefur SSF lagt fram mikið starf í að koma á fót raunfærnimati þar sem félagsmenn sem hafa að baki skemmri skólagöngu en stúdentspróf geta gengið í gegnum mat á þeirri þekkingu sem þeir hafa aflað sér á vinnustað og fengið haldbær gögn um niðurstöður þess. Raunfærnimatinu hefur verið vel tekið af félagsmönnum og þegar sannað gildi sitt. En alltaf eru einhverjir sem vilja ekki, treysta sér ekki eða hafa ekki aðstöðu til að sinna símenntun eða endurmenntun, og því miður lenda þeir einstaklingar frekar í uppsögnum en aðrir. Því verður hér að hvetja alla til að sækja þá menntun sem þeim býðst og minna á að Menntunarsjóður SSF styrkir félagsmenn til náms.



Það er skoðun mín að starfsmenn SSF ásamt forystu SSF og starfsmannafélaganna hafi unnið mikið afrek fyrir félagsmenn alla í kjölfar efnahagshrunsins. Þess vegna m.a. eru einungis um 100 félagsmenn SSF nú á atvinnuleysiskrá, eða innan við 10% þeirra sem misstu vinnuna árin 2008 og 2009. Allir þeir aðilar sem við höfum átt samskipti við í þessari erfiðu stöðu hrósa starfi stéttarfélagins og starfsmannafélaganna í hástert og undrast í raun hve vel okkar félög hafa staðið að málum. Stjórnendur framhalds- og háskóla, Vinnuálastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar, ráðningastofa Capacent og Hagvangs, önnur stéttarfélög, stjórnvöld, m.a. annarra viðskipta- og

fjármálaráðherrar og margir fleiri hafa borið lof á þann árangur sem allir innan SSF hafa unnið að og náð.

Umræðan um stéttarfélög og starf þeirra er oft á tíðum illa ígrunduð og sett fram af aðilum sem lítið þekkjá til starfseminnar. Starfið í dag er borið saman við starf stéttarfélaganna um miðja 20. öld, og niðurstaðan er oftar en ekki sá harði dómur að stéttarfélögin séu tilgangslaus og ónothæft baráttutæki.

Þetta er einkennandi fyrir íslenska umræðu almennt. Menn hika ekki við að leggja tvo algjörlega óskylda þætti saman og draga út niðurstöðu, sem vitanlega er dæmd til þess að verða fáránleg. Það þarf ekki annað en að líta á fyrirtækin og atvinnulífið í dag og svo fyrir 60 árum síðan, til þess að sjá að þessi umræða er á villigötum. Gamli íslenski verkalýðsforinginn, baráttumaðurinn sem hvatti til verkfalla, slóst með handafla við yfirvöldin og hellti niður mjólk skilar ekki sama árangri í stéttarbaráttu og hann gerði um miðja síðustu öld.

Á árunum 1980 til 2000 var samið um miklar launahækkningar og þannig hækkuðu laun um 2500% á tuttugu árum. Á sama tíma hækkuðu laun um 100% í Danmörku, en kaupmáttur launamanna jókst svipað í báðum löndunum á þessu árabili (hagdeildir ASÍ og SA). Ástæðan var auðvitað sú að hér á landi réð vægðarlaus verðbólga ríkjum á meðan hún var hófleg í Danmörku.

Máttur hugsjónabaráttunnar hefur minnkað og einstaklingshyggjan vaxið. Launamenn verða ólíkari og skiptast í smærri og sérhæfðari hópa, sem hafa ólíka hagsmuni og áhugamál. Sérhæfðari stéttarfélög, sem byggja á sameiginlegum hagsmunum heillar starfsgreinar, eins og SSF, ná bestum árangri, og flest slík stéttarfélög hafa breytt miklu í starfs- og stjórnaðarhátum undanfarna tvo áratugi.

Upp úr 1985 komu fram á sjónarsviðið nýjir verkalýðsforingjar, menn sem lögðu á sig mikla vinnu við að afla þekkingar og vinna úr henni. Þessir menn ruddu í burtu gömlum viðhorfum um að tuga prósentu launahækkningar, sem leiddi til óðaverðbólgu sé vænlegasta leiðin til að auka kaupmátt. Frá því þessi stefna var tekinn upp fyrir rúmum 20 árum hefur tekist að hækka kaupmátt meira en næstu 50 ár þar á undan.

Til að standast harða samkeppnina, þarf að sjá til þess að stór hluti vinnuafslins sé að staðaldri að sækja sér aukna þekkingu í sí- og endurmenntun hvers konar. Samkeppni fyrirtækja grundvallast á því að ná til sín besta starfsfólkinu. Starfsfólk er verðmætasti þáttur í rekstri hvers fyrirtækis. Í bókhaldi er steinsteypa, tölvu- og vélbúnaður, jafnvel heimasíður og viðskiptavild fært sem eign fyrirtækisins, en allt sem viðkemur starfsfólki er fært sem kostnaður. Laun, veikindi, orlof, og það furðulegasta af öllu – starfsmenntun – eru færð sem kostnaður. Undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin barist fyrir raunfærnimati fólks sem er að störfum út í atvinnulífinu svo það geti farið til náms og lokið því á réttum forsendum.

Framleiðni í íslenskum fyrirtækjum er lág á alþjóðlegan mælikvarða. Því hafa samtök launamanna í samvinnu við fyrirtækin sameinast um að stórefla starfsmenntun í atvinnulífinu og búa þannig um hnúta að það sé aðgengilegt og eftirsóknarvert að stunda símenntun. Í framsæknustu stéttarfélagunum í dag er starfsmenntun ákaflega fyrirferðamikill þáttur í starfseminni. Það tryggir atvinnuöryggi og um leið betri kjör.

Grunngildi stéttarféлага er og verður ætíð það sama, að verja þá sem minnst mega sín. Það hefur verið gert með því að hækka lægstu laun kjarasaminga umfram almennar launahækkningar, til þess að tryggja að þeir sem eru á lægstu töxtum fylgi launaskriði á markaði. T.d. hafa lægstu taxtar í kjarasamningum SSF hækkað um 30% umfram almennar launahækkningar samtals í síðustu þrennum samningum SSF.


Markmiðssetning stéttarfélags skiptir máli og þarf að vera vel skilgreind. Félagarnir þurfa að vita að hverju er stefnt. Það gleymist of oft að stéttarfélag er hagsmunasamtök og hefur því afskipti af ýmsum þáttum samfélagsins. Endurskoðun markmiða þarf að fara fram oft og reglulega. Í þessu sambandi reynir mikið á leiðtogana, að skýra út stefnu og leiða félagsmenn til fylgis við hana. Þar skiptir stefnufesta máli, leiðtogarnir verða að vera samkvæmir sjálfum sér og heiðarlegir. Þeir blekkja engan til langframa og þekking þeirra á verkefninu verður að vera góð og skilningur á hvaða efnahagsleg áhrif það muni hafa. Gæta þarf þess að félagsmönnum sé ljóst hvaða stefnu er fylgt.

Í Hávamálum eru skilaboð um að í þekkingarleitinni sé mikilvægast að nota eyrun og augun en ekki munninn. Leiðtoginn á að leggja áherslu á að hlusta og spyrja spurninga. Harði leiðtoginn fer eigin leiðir án þess að hlusta á samstarfsmenn. Munurinn á góðum og slæmum leiðtoga er ekki hvort hann tekur ákvarðanir, heldur hvernig hann gerir það.

Lokaorð

Starf félagsmanna SSF í íslenskum fjármálafyrirtækjum er fjölbreytt og gefandi en um leið erf-





itt, krefjandi og stundum vanþakklátt. Það er lenska hér á landi að setja út á og tala illa um einstaklinga og fyrirtæki, sem græða peninga. Það eru starfsmennirnir, félagsmenn SSF, sem eru andlit fyrirtækjanna og þeir þurfa oft að ósekju að sitja undir skömmum og rangfærslum þeirra viðskiptavina, sem trúa orðum stjórnmála- og fjölmiðlamanna.



Nú ríkir samkeppni á öllum sviðum og félagsmenn finna fyrir auknum kröfum sem gerðar eru til þeirra á flestum sviðum. Fjármálaheimurinn kallar á aukna sérhæfingu og enn meiri menntun, ekki bara í fjármálaþjónustu heldur einnig stjórnun, skipulagi og framtíðarsýn, bæði heimila og fyrirtækja. Þessa menntunarþætti er ekki hægt að uppfylla með því einu að ráða inn nýtt starfsfólk heldur verða fyrirtækin í samvinnu við starfsmenn sína og stéttarfélagið að setja endurmenntun og símenntun í öndvegi, því einungis þeir sem það gera munu spjara sig í samkeppninni innan lands og utan.



Við þurfum öll að vinna markvisst að því að efla sjálfsmynd félagsmanna SSF og efla trúnað og traust á milli landsmanna og starfsmanna fjármálafyrirtækjanna. Eitt mikilvægt skref í þeirri vegferð tengist einmitt fyrirlestrinum sem Vibeke Ulvin flutti hér áðan. Allir starfsmenn sem sjá um ráðgjöf til viðskiptavina verða að fara í nám og fá viðurkenningu sem “fjármálaráðgjafar”. Þetta verkefni er eitt mikilvægasta verkefni stéttarfélagsins og mannauðsdeilda fyrirtækjanna næstu árin.



Ekki má gleyma mikilvægi þess að styrkja og styðja undirstöðurnar, meðal annars það afl sem felst í sterku og framsæknu stéttarfélagi. Öll réttindamál starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalýðsfélaganna. Ekkert þeirra þótti sjálfsagt eða var sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu stéttarfélaganna. Þetta á við sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, mötuneyti, sumarhús og margt margt fleira. Þessi réttindi þarf stöðugt að verja, því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi.

Í lok kjörtímabilsins vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélagum samtakanna, stjórnun þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf .



Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð. Takk fyrir.

Umræður um skýrslu stjórnar



Sigurður Albert Ármannsson starfsmaður skrifstofu SSF tók fyrstur til máls. Hann vildi vekja athygli þinggesta á því að í skýrslu stjórnar sem fylgir möppu þingfulltrúa má sjá myndir frá flestum námskeiðum, fyrirlestrum og öðrum atburðum á vegum SSF undanfarin þrjú ár.

Hann vildi einnig koma inn á það að síðastliðið eitt og hálf ár hefur verið mjög krefjandi fyrir starfsfólk SSF ekki síður en félagsmenn og frá því að þetta „efnahagslega óveður“ gekk yfir hefur mestur tími starfsfólks og stjórnar farið í að sinna málum tengdum því. Hann vildi þakka stjórn SSF fyrir að hafa „leyft“ skrifstofu að taka á þeim málum sem upp komu þegar þau komu upp og gefið þeim þau verkfæri sem þurftu til að leysa málin fljótt og örugglega. Bodið var upp á ýmsar lausnir fyrir þá sem leituðu til skrifstofu og enginn þurfti að ganga bónleiður til búðar.

Niðurstaðan er því sú að SSF stóð sig þegar á þurfti að halda og hélt haus á þessum erfiða tíma, það segir ekki einungis tilfinningin okkur heldur einnig kannanir. Hann lagði til að þingfulltrúar klöppuðu stjórninni lof í lófa fyrir góð störf.



Oddur Sigurðsson stjórnarmaður SSF kvaddi sér hljóðs í framhaldi af þessu og sagði frá því að ástæðan fyrir því hversu vel gekk hafi verið hversu frábæru starfsfólki skrifstofu SSF hefði yfir að ráða. Það hefði aldrei verið spurning af hálfu stjórnar að gera allt sem hægt var til að auðvelda lausn mála. Hann lagði til að þingfulltrúar klöppuðu fyrir frábæru starfsfólki skrifstofu SSF.

Anna Kjartansdóttir FSLÍ vildi tala fyrir hinn almenna bankamann og sagði frá því að sonur hennar hefði misst vinnuna hjá bankastofnun í hrúninu og fengið ómetanlegan stuðning frá SSF sem hefði gert honum kleift að byggja sig upp og hann starfar nú í fjármálaráðuneytinu. Hún þakkaði starfsfólki SSF kærlega fyrir aðstoðina.

Tillögur um breytingar á samþykktum SSF kynntar

Friðbert Traustason kynnti tillögur að lagabreytingum í samþykktum SSF sem verða yfirfarnar af laganefnd. Þar á meðal nafnabreytinguna úr SÍB í SSF, tillögur að lagabreytingum hvað varðar einstaklingsaðild og hvernig á að fara sem best með þau mál. Framboðsmálin þarf einnig að skoða, hvort breyta á uppstillingarnefnd í kjörnefnd. Friðbert ræddi einnig samþykktir er varða vinnudeilusjóð SSF og tillögur að breytingum á þeim.

Umræður um tillögur að breytingum á samþykktum SSF

Þingforseti kallaði eftir umræðu um tillögur að breytingum á samþykktum SSF

Heiðrún Hauksdóttir SfBYR vildi leggja fram tillögu til laganevndar varðandi breytingar á 20. grein að þrátt fyrir breytingar verði til uppstillingarnefnd ef þörf krefur, þ.e. ef ekki verði nægilega margir frambjóðendur til stjórnar eftir að framboð liggja fyrir þá taki uppstillingarnefnd við til að raða á lista.

Oddur Sigurðsson SÍ spurði um störf uppstillingarnefndar og vinnulag við skiptingu í stjórn eftir fjármálafyrirtækjum miðað við stærð og starfsmannafjölda

Brynjar Már Brynjólfsson SÍ svaraði fyrir hönd uppstillingarnefndar að reynt væri að gæta jafnræðis og jafna fjölda í stjórn eftir stærð fjármálafyrirtækja og fjölda starfsmanna.

Kjartan Sigurgeirsson RB kvaddi sér hljóðs og vildi ræða að þetta „kvótakerfi“ hvað varðar fjölda stjórnarmanna væri gott og blessað en vildi að tryggt væri að allir ættu fulltrúa, líka litlu félögin.

Anna Finnbogadóttir SÍ spurði hvort að kjósa þyrfti um allar stöður alltaf eða hvort það væru einungis þær stöður sem losna sem kosið væri um. Friðbert svaraði því að það þyrfti alltaf að kjósa um allar stöður stjórnar á hverju þingi.

Helga B Bragadóttir SÍ spurði hvort þeir sem væru með einstaklingsaðild gætu boðið sig fram. Friðbert Traustason SSF svaraði því að eins og samþykktirnar eru í dag væri öllum félagsmönnum heimilt að bjóða sig fram til stjórnar.

Helga Jónsdóttir FSLÍ lagði fram tillögu til kjaranefndar og vildi hvetja kjaranefnd til að álykta um fæðingarorlofsmál, hún telur að við höfum dregið vagninn, séum núna að dragast aftur úr.

Sigurjón Gunnarsson FSLÍ Varþingforseti - vildi koma á framfæri að það mætti vera skýrara að hverjum tillögurnar /ályktanirnar beinast og lagði fram almenna tillögu inn í nefndirnar um að hafa það í huga að það komi fram hver á að taka tillögurnar / ályktanirnar til sín.

Friðbert vildi svara þessu og ítrekaði að efnið hefði af ásettu ráði verið sett svona hrátt inn, þ.e. nefndirnar ættu að vinna úr því.

Lovísa Símonardóttir frá SfByggðastofnun vildi leggja til við kjaranefnd að fá nánari skýringar á veikindarétti vegna barna. Hvað telst til veikindatíma, hvað með ferðakostnað og ferðatíma fyrir þá sem búa úti á landi og annað sem því fylgir.

Gréta Kjartansdóttir SfBYR bar upp spurningu vegna sjóða SSF. Það þarf að vera ljóst hvernig á að ávaxta þá og hvernig á að greiða úr þeim.

Þingforseti las upp viðfangsefni annarra nefnda, kynnti framkvæmd nefndarstarfa og vísaði í framhaldinu málum til nefnda og tilkynnti fundarstaði.

Að því loknu lagði þingforseti fram aðra gátu:

*Sést á peysu framan frá
Finnst ef glasi dreypt er á
Besta athvarf barninu
Brúnin meðfram gljúfrinu*

Þingforseti kynnti óvænt til sögunnar dómnefnd í mottukeppni kvöldsins en nokkur hluti þingfulltrúa skartaði yfirvaraskeggi í tilefni átaks Krabbameinsfélagsins „mottumars“. Þótti því rétt að verðlauna glæsilegustu „mottuna“. Dómnefnd skipuðu eftirtaldir þingfulltrúar:

Helga Jónsdóttir FSLÍ
Anna Finnbogadóttir SÍ
Gréta Kjartansdóttir SfBYR





Kynning nefndarálita

Laganefnd

Brynjar Már Brynjólfsson SÍ sagði frá fundi laganefndar sem var langt komin með sín störf.

1. Nafn félagsins - breytingar samþykktar
2. Þingfulltrúar – fulltrúum með einstaklingsaðild hefur fjölgað – hvernig á að koma því við að þessi hópur fái fulltrúa á þingi? Eðlilegt að þeir eigi talsmann, en þá vakna spurningar um fjölda. Hvernig á að velja þá sem fá að fara? Stéttarfélagsaðild er trúnaðarmál og því illmögulegt að kalla hópinn saman. Niðurstaðan líklega sú að ómögulegt sé að gera þetta svo vel sé.
3. Hvernig skal meðhöndla einstaklingsumsóknir til SSF – gert er ráð fyrir að samþykka nær óbreytta tillögu.
4. Uppstillinganefnd – stjórn félagsins er alltaf öll í kjöri á þingi og kosið er til 3ja ára í senn. Nefndin hefur alltaf tekið mið af stærðum fjármálafyrirtækja en hver sem er má bjóða sig fram. Reglurnar hvetja ekki til að aðrir en þingfulltrúar bjóði sig fram. Laganefnd mun að öllum líkindum leggja til breytingu sem felur í sér að festa sæti í stjórninni. Bankar með 500 + starfsmenn skuli eiga fast sæti sem ekki yrði kosið um. Starfsmannafélögin kæmu sér saman um hver á sæti í stjórn fyrir hönd hvers starfsmannafélags. Kjörnefnd yrði skipuð af stjórn og framboð yrðu að liggja fyrir mánuði fyrir þing. Frambjóðendur yrðu kosnir á þingi. Fyrsti og annar varaformaður yrðu kosnir sérstaklega á þingi.

Fjárhagsnefnd

Heiðrún Hauksdóttir BYR kom fram og tilkynnti að niðurstöður nefndarinnar yrðu kynntar í heild sinni á síðari degi þings.

Allsherjarnefnd I - Jafnréttismál

Anna Kristín Björnsdóttir Arion banka kynnti umræður jafnréttisnefndar. Rætt var um hvernig ætti að koma baráttumálum til skila inn í fyrirtækin, hvaða leið væri best til árangurs.

Allsherjarnefnd II - Þjóðfélagsmál

Kjartan Sigurgeirsson SfrB sagði frá helstu tillögum nefndar um þjóðfélagsmál en settar voru fram ályktanir um hin ýmsu mál er snerta verkalýðsfélög, auðlindir, atvinnuleysi ofl.

Allsherjarnefnd III – Stefnumótun

Anna Karen Hauksdóttir SÍ sagði frá umræðum nefndarinnar um stefnumótun félagsins og samþykktir sjúkrasjóðs.

Litlar breytingar voru lagðar fram á samþykktum um sjúkrasjóð.

Stefna SSF – farið var í mikla stefnumótun fyrir síðasta þing og sett niður gildi fyrir SSF. Nefndin telur að niðurstaðan sé sú að SSF standi undir þeim gildum sem voru ákveðin á síðasta þingi. Hópurinn fór yfir tillögur að ályktunum og lagfærðu þær aðeins. Það þarf að kynna SSF enn frekar og það þarf að koma upp almennilegu félagatali svo hægt sé að vinna enn frekar með félagunum, átta okkur á því hverja vantar í félagið og hvort hægt er að bæta úr því.

Kjaranefnd

Andrés Erlingsson FSLÍ kynnti tillögur kjaranefndar.

Samninganefnd semji um eina B launatöflu með styttra milli starfsaldursþrepa.

Veikindaréttur vegna barna verði 14 dagar fyrir börn að 18 ára aldri, maka og foreldra starfsmanns.

Gerð verði árleg launakönnun og sett inn í launareiknivél á vef SSF.

Endurheimt forysta í fæðingarorlofsmálum.

Styttri vinnuvika, miðað verði við 36 stundir.

Launað leyfi til menntunar eftir ákveðið mörg ár í starfi.

Hækkun á tryggingum félagsmanna, sjúkdómatryggingu bætt við.

Jöfn launahækkun í prósentum.

Dagvinnutími verði á tímabilinu 8 til 18 (innan flex).

Tveir frítímar fyrir einn í yfirvinnu.

Fatapeningar samræmdir milli fjármálastofnana.

Frí á gamlársdag.

Fræðslunefnd

Gréta Kjartansdóttir frá SfBYR kynnti niðurstöður úr umræðum fræðslunefndar:

Trúnaðarmannanámskeið í góðum farvegi en nauðsynlegt bæta inn upprifjun um kjarasamninga á námskeiði 4.

Sett verði upp rafræn skráning á vef SSF fyrir námskeið trúnaðarmanna.

Efla þarf leit í kjarasamningum á vef SSF.

Gildandi kjarasamningur verði gerður aðgengilegri á vef.

Uppsetning á vef verði notendavænni.

Setja dagsetningar á fréttir á vef SSF til glöggvunar.

Upplýsingar um formenn nefnda verði gerðar aðgengilegri á vef SSF.

Framadagar hafa reynst góður vettvangur til kynningar á SSF, taka þarf til athugunar að bjóða háskólanemum kynningar á SSF sem hluta af námskeiðum.

Menntunarsjóður

Óbreytt upphæð á styrkjum.

Ekki er mögulegt að fara út í að styrkja fólk til að taka þátt í ráðstefnum, ekki er til nægilegt fé, SSF verður að halda sig við að styrkja einingametið nám.

Nefndin var sammála breytingum sem lagðar voru til umræðu, og Gréta lýsti yfir ánægju með fyrirlesturinn um vottun fjármálaráðgjafa f.h. fræðslunefndar.

Þingforseti dró að þessu loknu úr innsendum lausnum vegna seinni gátunnar sem lögð var fram : Svarið að þessu sinni var **Barmur**

1. Verðlaun hlaut Lovísa Símonardóttir frá SfByggðastofnun

Aukaverðlaun hlutu:

Þórunn Karitas FSLÍ

Oddur Kristjánsson SÍ

Jónína Pálsdóttir SSF

Helga Jónsdóttir FSLÍ

Kynning frambjóðenda í kosningum til stjórnar SSF

Helga Jónsdóttir FSLÍ kynnti störf Uppstillingarnefndar og í framhaldinu stigu frambjóðendur í pontu og kynntu sig fyrir þingfulltrúum:

Friðbert Traustason formaður SSF

Anna Karen Hauksdóttir 1. varaformaður SSF – SÍ (Sf Íslandsbanka)

Andrés Erlingsson 2. varaformaður SSF – FSLÍ (Sf Landsbankans)

Dagmar Björnsdóttir ritari stjórnar SSF – VÍST (Sf VALITOR)

Heiðrún Hauksdóttir gjaldkeri stjórnar SSF– Sf BYR

Anna Kristín Björnsdóttir meðstjórnandi stjórn SSF – Skjöldur (Sf Arionbanka)

Oddur Sigurðsson meðstjórnandi stjórn SSF – SÍ (Sf Íslandsbanka)

Kjartan Sigurgeirsson meðstjórnandi SSF – Sf RB

Borga Harðardóttir, nýr frambjóðandi til meðstjórnanda frá FSLÍ (Sf Landsbankans)

Bryndís Pétursdóttir, nýr frambjóðandi til meðstjórnanda frá SSÍ (Sedlabanka Íslands)

Ingvar Breiðfjörð Skúlason, nýr frambjóðandi til meðstjórnanda Skjöldur (Sf Arionbanka)

Klukkan 17:30 var fundi frestað til morguns.

Föstudagur 19. Mars

Nefndarstörf hófust 8:45 og klukkan 9:30 steig þingforseti í pontu og kallaði eftir umræðum og afgreiðslu nefndarálita.

Umræður og afgreiðsla nefndarálita

Laganefnd

Brynjar Már Brynjólfsson kynnti tillögur laganefndar um breytingar á samþykktum SSF og vinnudeilusjós og lagði fram til umræðu.

Pétur Árnason SfBYR spurði um orðalagið „frá bönkum og fyrirtækjum í þeirra eigu“ og hvort rétt væri að orða þetta svona, orðalagið er mjög opið og getur gefið tilefni til misskilnings

Oddur Sigurðsson SÍ spurði hvort ekki þyrfti að koma fram að þegar kjörnefnd er skipuð einum fulltrúa frá SSF og fjórum öðrum að hinir fjórir fulltrúarnir megi ekki koma úr stjórn SSF

Helga Jónsdóttir FSLÍ lýsti yfir stuðningi við tillögurnar nema að hún gerði athugasemd við að stjórnarmaður sem situr í kjörnefnd má þá væntanlega ekki vera í framboði sjálfur.

Sigurjón Gunnarsson FSLÍ velti því fyrir sér að ef framboð yrðu kynnt mánuði fyrir þing þá yrði að breyta reglum um boðun þings svo framboðsfresturinn verði ekki útrunninn um leið og þingið er boðað.

Heiðrún Hauksdóttir SfBYR benti á að það þyrfti að samræma orðalag í samþykktum, ýmist sé talað um aðildarfélag eða starfsmannafélög.

Friðbert Traustason SSF benti á að Teris er ekki skilgreint fjármálafyrirtæki þannig að það þarf skýrara orðalag sbr. athugasemd Péturs. Það er vandalaust að boða þing með tveggja mánaða fyrirvara þannig að framboðsfresturinn getur verið 30 dagar.

Heiðrún Hauksdóttir BYR benti á að það gætu auðveldlega verið fleiri en fimm félag með fleiri en 500 starfsmenn, ástandið á þessum markaði væri síbreytilegt.

Brynjar Már Brynjólfsson benti á að orðalagið „fyrirtækjum í þeirra eigu“ er skilgreint í 3. grein.





Allsherjarnefnd I – jafnréttishópur

Anna Kristín Björnsdóttir kynnti tillögur nefndarinnar

Sigurður Albert Ármannsson SSF kom í pontu sem sérstakur áhugamaður um jafnréttismál og vildi láta koma fram að nú væri tíminn til að leggja áherslu á að jafna launamun kynjanna kominn. Það ætti ef til vill að setja fram ályktun um að þing SSF samþykkti að setja stjórninni það fyrir að hafa það að markmiði að jafna launamun kynjanna. Það er ljóst að nú er ekki tíminn til að fara fram á beinar launahækkunar í kjarasamningum en þetta er atriði sem hægt væri að leggja áherslu á.

Friðbert Traustason SSF ítrekaði að jafnréttislög væru í gildi sem heimila Jafnréttisstofu að sækja launaupplýsingar frá fyrirtækjum til að skoða launamun kynjanna. Jafnréttisstofa má svo gera athugasemdir ef einhverjar eru. Þetta hefur því miður dottið mikið upp fyrir í öllu fárinu undanfarið eitt og hálf ár. Það hljóti því að verða eitt af aðalmarkmiðum stjórnar fyrir næstu kjarasamninga að minnka þennan launamun. Nefndin þarf því að vera enn ákveðnari í samþykktunum sem lagðar eru fram.

Borga Harðardóttir FSLÍ var sammála Friðbert og Sigurði og vildi láta krefjast þess að náð yrði launajafnrétti.

Magnús Halldórsson SÍ nefndi að þetta sama mál hefði verið á borði Kjaranefndar og væri rætt þar.

Anna Karen Hauksdóttir SÍ vildi koma á framfæri að inni í þessari launaumræðu eru einnig bónusar og aðrar viðbótargreiðslur

Anna Kristín þakkaði góðar ábendingar við tillögur nefndarinnar og ætlaði að taka þær til greina.

Allsherjarnefnd II – efnahags og atvinnumál

Kjartan Sigurgeirsson SfrB kynnti tillögur nefndarinnar

Helga Jónsdóttir FSLÍ taldi að kosturinn við SSF fram að þessu hefði verið hversu lítil pólitík væri viðloðandi samtökin og SSF hefði ekkert með það að gera að álykta um efnahags og atvinnumál. Taldi að þetta væri ekki rétt braut fyrir SSF.

Anna Kjartansdóttir FSLÍ tók undir orð Helgu og taldi að þetta væru pólitísk mál sem SSF ætti ekki að álykta um á þingi.

Kjartan steig aftur í pontu til andsvars og útskýrði að hópnum hefðu verið úthlutað tillögum til umræðu og unnið úr þeim eftir bestu getu en hann var þó að nokkru leyti sammála Helgu og Önnu. Friðbert Traustason SSF steig í pontu og kynnti sitt sjónarmið þar sem hann ásamt fleirum úr stjórn SSF samdi tillögurnar að umræðunum. Hann kvaðst hafa ákveðið að hafa umræðutillögurnar sem voru settar inn í hópana frekar ögrandi til að skapa meiri umræðu í nefndinni en það væri þó ábyrgð allrar stjórnarinnar hvað sett var fram. Taka mætti fram að það hefur oft verið sett fram gagnrýni á SSF fyrir að forðast að taka pólitíska afstöðu og því kannski tímabært að gera það núna eða ella taka afstöðu til þess hvort SSF á yfir höfuð að gera það. Hann lýsti yfir ánægju með ályktanir nefndarinnar og það nefndarmenn að standa við þær enda væri ekki verið að taka flokkspólitíska afstöðu heldur samfélagslega afstöðu.

Allsherjarnefnd III - Stefnunótun

Anna Karen Hauksdóttir kynnti tillögur nefndarinnar að stefnu SSF og samþykktum Styrktarsjóðs Engar athugasemdir komu fram við þessar tillögur

Kjaranefnd

Andrés Erlingsson kynnti tillögur kjaranefndar

Helga Jónsdóttir FSLÍ lýsti yfir ánægju með tillögur kjaranefndar, sérstaklega með rétt til lægri vinnuskyldu tengt lífaldri og starfsaldri. Þetta væru metnaðarfullar kröfur sem myndu þó líklega ekki allar nást.

Friðbert Traustason SSF nefndi að það væri meira vandamál að koma fólki í frí heldur en bæta við frí. Hann taldi að það væri heillavænlegra að óska eftir 2-3 mánuðum í námsfrí heldur en 12 mánuðum sem hann taldi ljóst að ekki myndu nást fram.

Anna Kristín Björnsdóttir SfrArion banka – nefndi að í jafnræðisnefnd hefði það verið rætt hvort stytta ætti sumarorlofstímabilið. Einnig hvort þeir sem farið hafa í Raunfærnimat ættu hugsanlega að eiga rétt á launahækkun.

Anna Karen Hauksdóttir SÍ vildi benda á að stytting vinnuvikunnar væri stórt og mikilvægt mál í þágu jafnréttis og samfélags.

Fræðslunefnd

Gréta Kjartansdóttir kynnti tillögur nefndarinnar.

Brynjár Már Brynjólfsson SÍ bauð SSF velkomið til ársins 2010 með útgáfu rafræns fréttablaðs en taldi að mánaðarleg útgáfa væri of mikið af því góða.

Heiðrún Hauksdóttir BYR ræddi orðalag í ályktunum, s.s. krefjast, telja, etc, nefndirnar þyrftu að forgangsraða kröfum og velja þessu orðalagi fyrir sér. Nefndi líka óútskýrða launamuninn, konur semja oft á tíðum ekki um launin sín en karlmenn gera það frekar, það gæti útskýrt eitthvað.

Gréta skýrði frekar tillögur nefndarinnar um SSF blaðið, verið væri að hugsa um fréttabréf, lítið og stutt en ekki stórt og mikið blað í hverjum mánuði. Þetta væri mikilvæg söguleg heimild um starfsemi SSF.

Kaffihlé

Kynning á starfsemi NFU

Christina Colclough framkvæmdastjóri

Christina hóf kynninguna á að kynna nýtt merki NFU – Nordic financial unions og lagði svo fram spurninguna : Is there any natural or pre-given justice in life? Hún bað þingfulltrúa að velta þessari spurningu fyrir sér á meðan á fyrirlestrinum stæði.

Hún kom inn á að það er ekki gefið að þjóð sem hefur gengið í gegnum kreppu svipaða og Íslendingar standi svona vel saman og sé svona vingjarnlegt. Það sé greinilega ekki alslæmt að lenda í kreppu, í okkar tilfalli hafi þjóðin þjappað sér betur saman.

Christine kom inn á að það virðist vera óhjákvæmilegt að kreppuástand ríði reglulega yfir heiminn, eini munurinn sé að kreppurnar verða misdjúpar og áhrifamiklar.

Þar af leiðir að svarið við spurningunni í byrjun hlýtur að vera nei, það er ekki hægt að stóla á réttlæti í heiminum, en hlutverk stéttarfélaganna er að tryggja laun og vinnuumhverfi, hafa áhrif og vinna í samstarfi með félögum víða um heim. Christine lagði áherslu á að við værum ekki ein, NFU stæði við bakið á okkur og við gætum treyst á þeirra stuðning því við værum sannarlega sterkari sameinuð heldur en sundruð.

Hlutverk NFU er að hafa áhrif, og þrýsta á að norrænir hagsmunir komi fram hjá EU og á þeim stöðum þar sem ákvarðanir sem áhrif hafa á okkur eru teknar. Hlutverk NFU er einnig að þjálfa og efla trúnaðarmenn hjá félögum til dáða. NFU er vettvangur þar sem skipst er á skoðunum og rætt um reynslu, bæði góða og slæma í starfi verkalýðsfélaganna. Síðast en ekki síst er mjög mikilvægt að vernda „norræna módelið“ þ.e. þessa sérstöðu sem Norðurlöndin hafa náð í verkalýðsbaráttunni.

En hverjir standa að NFU?

Samband átta norrænna starfsmannafélaga, fjármálafyrirtækja og tryggingafyrirtækja með um það bil 155 þúsund meðlimi. Skrifstofa staðsett í Stokkhólmi með þrjá starfsmenn í fullu starfi og sex vinnuhópa.

Mikil vinna fer í EU starfið í Brussel, það eru endalaus fundarhöld, bæði formleg og óformleg og mikill tími fer í að verja sérhagsmuni Norðurlanda þar sem skipulag verkalýðsmála er töluvert frábrugðið skipulaginu víðast hvar annarsstaðar í Evrópu. NFU hefur náð miklum árangri í þessum efnum með því að vera framarlega í starfi UNI. NFU er með starfsmann Brussel. Sífellt fleiri fyrirtæki eru alþjóðleg og þar af leiðir að NFU verður að vera það líka. Þetta er einungis spurning um völd og áhrif.

Christine minnti á að norræna leiðin er að „dansa“ með fyrirtækjunum í verkalýðsbaráttunni í staðinn fyrir að berjast við þau en stundum hefur sú spurning vaknað hvort það sé endilega réttasta leiðin, erum við kannski farin að „dansa“ of þétt?

Við verðum að læra hvert af öðru og láta heyrast í okkur!

Christine telur að NFU sé á réttri leið, við höfum náð góðum samböndum í gegnum UNI og höfum góða stöðu þar þrátt fyrir að vera kannski ekkert sérstaklega vinsæl þar. Við höfum líka byggt upp mjög gott samstarf við félagsmenn. En við erum samt ekki alveg komin á leiðarenda, það þarf að beita enn meiri þrýstingi á vinnuveitendur og á EU. Flest aðildarfélög NFU eru að tapa félagsmönnum, getur verið að við séum úrelt? Erum við að halda sambandi á réttan hátt? Erum við í raun og veru tilbúin að fara inn í framtíðina? Þetta verður stærsta umræðuefnið á Branch ráðstefnunni í Reykjavík í apríl.

Þingfulltrúar þokkuðu Christine fyrir góðan fyrirlestur með lófataki og Friðbert færði henni bestu þakkir fyrir góðan fyrirlestur og upplýsingar um NFU og UNI. Hann fullvissaði Christinu um að SSF stæði heilshugar að baki NFU.

Hádegisverður

Þing kom saman að loknum hádegisverði klukkan 13:00 og tilkynnti þá þingforseti að nýr framþjóðandi hefði bæst í hóp framþjóðenda til stjórnar SSF. Bauð þingforseti Guðnýju Magnúsdóttir formanni Starfsmannafélags Sparisjóðs Keflavíkur að kynna sig fyrir þingfulltrúum.

Þingforseti ráðfærði sig í framhaldinu við Svein Sveinsson lögfræðing SSF um framkvæmd kosninga til stjórnar félagsins þar sem ekki eru til samþykktir um framkvæmd kosningar. Kjörnefnd var skipuð Sigríði Hjaltadóttur og Kjartani Nielsen ásamt Sveini Sveinssyni lögmanni SSF og Helgu Bragadóttur þingforseta.

Umræður og afgreiðsla nefndarálita

Laganefnd

Brynjar Már Brynjólfsson Umræðustjóri	SÍ
Borga Harðardóttir	FSLÍ
Guðný Magnúsdóttir	SfSpKef
Stefán Ari Stefánsson	VÍST
Ingvar Breiðfjörð	Skjöldur (SfArionbanka)

Brynjar Már kynnti lokatillögur laganefndar og tók fram að athugasemdir sem bárust um morguninn hefðu verið teknar til greina.





Tillögur um breytingar á samþykktum:

Í öllum samþykktunum breytist eftirfarandi:

Nafni félagsins er breytt úr SÍB (Samband Íslenskra bankamanna) í SSF (Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja).

Við 6. grein bætist textinn:

Umsóknina skal leggja fyrir á næsta stjórnarfundum sem haldinn er eftir að umsókn berst skrifstofu SSF. Stjórn SSF skal ákvarða svo fljótt sem verða má hvort umsókn um einstaklingsaðild er samþykkt eða henni synjað.



Fyrsta málsgrein 17. greinar breytist og verður:

Reglulegt þing skal halda þriðja hvert ár.

Breyting á 18. grein:

Þing SSF skal boða með tveggja mánaða fyrirvara. Aukapening má boða með skemmst 5 daga fyrirvara.



Við 20. grein bætist við b- liður svohljóðandi:

Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síðar en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar, kynna frambjóðendur og kalla eftir upplýsingum um þá sem tilnefndir eru sem fastafulltrúar í stjórn félagsins. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

Í 21. grein breytist eftirfarandi í 4 tölulið:

Uppstillinganefnd verður kjörnefnd.



26. greinin breytist og verður svo hljóðandi:

Stjórnina skipa 11 menn. Þau aðildarfélög sem hafa yfir 500 félagsmenn skulu tilnefna hvert fyrir sig einn fastafulltrúa í stjórn. Að auki skulu aðildarfélög innan sparisjóða og fyrirtækja í þeirra eigu skipa einn fastafulltrúa í stjórn. Önnur aðildarfélög en þau sem nefnd hafa verið hér að framan skulu einnig skipa sameiginlega einn fastafulltrúa í stjórn. Fastafulltrúar tilheyra viðkomandi félögum.

Formaður félagsins er sérstaklega kosinn á þingi. Að auki skal kjósa um meðstjórnendur af þeim félagsmönnum sem hafa boðið sig fram til stjórnarsetu. Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga.

Stjórnin kys 1. og 2. varaformann, gjaldkera og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.



Tillögur um breytingu á samþykktum vinnudeilusjóðs.

Í öllum samþykktunum breytist eftirfarandi:

Breytt úr SÍB í SSF.

Inn í 5. grein samþykktu samtakanna kemur eftirfarandi texti:

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innstæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Þingforseti bar upp tillögur Laganeftar um samþykktir SSF sem voru samþykktar með öllum atkvæðum nema einu.

Tillögur um breytingar á samþykktum vinnudeilusjóðs – Þingforseti las upp breytingarnar Þingforseti bar upp tillögur Laganeftar um breytingar á samþykktum Vinnudeilusjóðs – samþykktar samhljóða.



Allsherjarnefnd I – Jafnræðisnefnd

Anna Kristín kynnti tillögur nefndarinnar

Anna Kristín Björnsdóttir umræðustjóri Skjöldur (SfArionbanka)

Ernir Ingason SÍ

Hafsteinn Gíslason SÍ

Ólöf Eiríksdóttir SÍ

Guðlaug Elías Bóasdóttir FSLÍ

Margrét Jónsdóttir FSLÍ

Þórunn K. Þorsteinsdóttir FSLÍ

Sigurveig Ágústsdóttir Skjöldur(SfArionbanka)

Guðmunda Gunnarsdóttir Skjöldur (SfArionbanka)

Hólmfríður Sigurðardóttir SfTeris

Guðrún Sif Guðbrandsdóttir SfSpSigl

Margrét Sæmundsdóttir SfSpkef



44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 hvetur aðildarfélög SSF til að hafa starfandi og virkar jafnréttisnefndir sem vinna að fjölskylduvænni vinnumenningu. Huga þarf að styttri og sveigjanlegri vinnutíma.

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 beinir því til stjórnar SSF að stuðlað verði að því að veittar verði viðurkenningar til aðildarféлага fyrir árangur í jafnréttismálum.

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 samþykkir að stjórn SSF skuli einbeita sér að því á næstu þremur árum að greina, skoða, skýra og leiðrétta launamun eftir kyni og búsetu í samstarfi við fyrirtækin. Á næsta þingi verði gefin skýrsla um árangur af þessu verkefni.

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 samþykkir að SSF vinni áfram launakannanir og vinnustaðakannanir. Í slíkri könnun skal einnig kanna hvort félagsmenn hafa orðið fyrir áreiti eða einelti á vinnustað.

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 samþykkir að stjórn SSF leiti leiða til að ávallt ríki jafnrétti þegar skipað er í stjórnir, nefndir og ráð á vegum samtakanna og hugað verði að kynjakvóta í stjórn.

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 hvetur fyrirtækin til að tryggja sér vottun um jafnlaunastefnu fyrirtækis.

Þingforseti bar upp ályktanir Allsherjarnefndar I - Jafnræðisnefndar – samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd II – Þjóðfélagsmál

Kjartan kynnti lokatillögur nefndarinnar en ein tillaga sem áður hafði verið kynnt var dregin til baka.

Kjartan Sigurgeirsson	Umræðustjóri	SfRB
Oddur Kristjánsson	SÍ	
Soffía Guðmundsdóttir	SÍ	
Hrafnhildur Ýr	FSLÍ	
Elín H Njálisdóttir	FSLÍ	
Magnea Huld Aradóttir	Skjöldur(SfArionbanka)	
Sæbjörg Richardsdóttir	Skjöldur(SfArionbanka)	
Sigríður Kristín Benjamínsdóttir	SfSpÞing	
Sigríður Harpa Hannesdóttir	SfTeris	
Sigurður Ingvar Ámundason	SfVÍST	

Þingforseti bar upp tillögur Allsherjarnefndar II - Þjóðfélagsmál – eina í einu

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 skorar á stjórnvöld að vinna að heilindum með stéttarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum að markvissum aðgerðum, sem tryggja atvinnulífi og heimilum eðlileg líffskilyrði og möguleika til endurnýjunar velferðar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 skorar á stjórnvöld að standa vörð um auðlindir Íslands, tryggi að þær séu alltaf í þjóðareign og verði nýttar til að efla velferð almennings.

Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 hvetur stjórn SSF til þess að standa áfram vel við bakið á Starfendurhæfingarsjóðnum Virk. Þingið ályktar að mjög brýnt sé fyrir þjóðfélagið að fólk sem þarf starfendurhæfingu hafi auðveldan aðgang að henni og hún sé sýnileg.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 skorar á fjármálafyrirtækin að standa vel á bak við sprotafyrirtæki og gera þeim góð vaxtaskilyrði þannig að þau geti vaxið og dafnað. Tryggja þarf þessum fyrirtækjum ódýrt fjármagn og aðstöðu. Með þessu móti tryggjum við fjölbreytni í atvinnulífinu.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18.-19. mars 2010 beinir því til stjórnvalda að þau tryggi að regluverk og öll umgjörð um fjármálafyrirtækin verði með þeim hætti að þau geti starfað í gegnsæu og traustu umhverfi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Allsherjarnefnd III – Stefnumótun og styrktarsjóður


Anna Karen Hauksdóttir kynnti lokatillögur Allsherjarnefndar III – Stefnumótun og styrktarsjóður

Þingforseti bar upp tillögur Allsherjarnefndar III um Stefnumótun og styrktarsjóð

Allsherjarnefnd hópur 3

Anna Karen Hauksdóttir	SÍ
Camilla Ósk Hákonardóttir	SÍ
Kolbrún Ingimarsdóttir	FSLÍ
Kjartan Nielsen	FSLÍ
Hildur Ottesen	Skjöldur (SfArionbanka)
Thelma Reynisdóttir	Skjöldur (SfArionbanka)
Guðrún María Haraldsdóttir	SfSpSvarÖl
Sigurður Ingi Svavarsson	SÍ
Sigríður Friðgeirsdóttir	FSLÍ





44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi mælist til að Stjórn SSF móti sér framtíðarstefnu á grunni stefnumótunar sem áður var samþykkt og eftir óbreyttum gildum sem samtökin hafa starfað eftir. Traust, þekking, metnaður.

44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi skorar á SSF að vera ávallt í forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna og vera þannig besti kostur fyrir félagsmenn og fyrirtæki.

44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi mælist til að stefna samtakanna verði endurskoðuð af stjórn SSF, þó ekki sjaldnar en árlega. Hún skal lögð fyrir og samþykkt á formannafundi.

44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi mælist til að SSF greini þarfir og væntingar félagsmanna, eflir styrk þeirra, menntun, raunfærni og þekkingu. Þannig að félagið hlúi að núverandi félagsmönnum og laði að nýja.

44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi hvetur SSF að eiga traust og uppbyggileg samskipti við forystumenn fyrirtækja og aðildarféлага.

44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi hvetur SSF til að vera sýnilegri með öflugum kynningum á starfssemi sinni og haldi félagatal.

44. þing SSF haldið 18.-19. mars á Selfossi mælist til að SSF vinni að bættri ímynd starfsgreinarinnar og taki virkan þátt í þjóðfélagsumræðu.

Stefnumótun - þingið samþykkti að greiða atkvæði um allar tillögurnar í einu lagi - samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Samþykktir Styrktarsjóðs SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

- 1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður SSF
- 1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli bókunar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var 3. apríl 1997.
- 1.3. Sjóðurinn er eign Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

- 2.1. Verkefni Styrktarsjóðs SSF eru eftirfarandi:
 - 2.1.1. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa, enda hafi launatekjur þeirra fallið niður.
 - 2.1.2. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti vegna langvarandi veikinda maka og barna, enda hafi sjóðfélagi misst launatekjur vegna þeirra.
 - 2.1.3. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna áfengismeðferðar, enda hafi launatekjur fallið niður.
 - 2.1.4. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds og meðferðar hjá kírópraktorum (hnykkjum) sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða eða nýtur opinbers stuðnings með öðrum hætti.
 - 2.1.5. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna krabbameinsskoðunar og hjartaskoðunar.
 - 2.1.6. Að greiða félagsmönnum SSF, sem þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóms eða fötlunar til að geta sinnt starfi sínu, styrk til kaupa á slíkum tækjum.
 - 2.1.7. Að greiða mökum eða börnum félagsmanna SSF útfarastyrki vegna fráfalls félagsmanns.
 - 2.1.8. Að greiða læknisvottorð sem nauðsynleg eru vegna umsókna úr Styrktarsjóði SSF.
- 2.2. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á sex mánuðum.
- 2.3. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í þeim skal m.a. kveðið á um hversu lengi greiðslur vari, hvort greiðslur hefjist að tilteknum tíma liðnum frá því að launagreiðslur féllu niður, hversu háar greiðslur séu í hverju einstöku tilviki og hvernig umsóknum um greiðslur úr sjóðnum skuli háttað. Greiðslur skv. lið 2.1.8. skulu þó nema að fullu þeim kostnaði sem þar um ræðir.
- 2.4. Reglur um greiðslur úr sjóðnum skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hafi fjárhagsstaða sjóðsins rýrnað verulega að mati stjórnar hans skulu réttindi til greiðslu úr sjóðnum skert, en aukin hafi fjárhagsstaðan batnað verulega.
- 2.5. Sjóðnum er heimilt að kaupa váttryggingu er komi að einhverju eða öllu leyti í stað greiðslu skyldu sjóðsins skv. 1. mgr.

3. gr.

Réttur til styrkja

- 3.1. Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga:
 - 3.1.1. Fullgildir félagsmenn SSF skv. samþykktum samtakanna.
 - 3.1.2. Atvinnulausir félagsmenn SSF skv. nánari ákvörðun stjórnar SSF.

- 3.2. Þeir, sem greitt hefur verið fyrir í Styrktarsjóð SSF í a.m.k. sex mánuði, eiga rétt á greiðslu í hlutfalli við vinnuframlag viðkomandi. Styttu má þennan tíma hafi umsækjandi áður verið fullgildur félagi í SSF.
- 3.3. Styrkveitingar geta hafist frá þeim tíma er samningsbundnum launagreiðslum lýkur. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.
- 3.4. Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.
- 3.5. Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

4. gr.

Stjórn og rekstur

- 4.1. Fulltrúar SSF í stjórn sjóðsins skulu vera þrír og skulu tveir þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera í stjórn sjóðsins og gjaldkeri hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankanna á hverjum tíma.
 - b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- 5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SSF á móti SSF. Sjóðnum er heimilt að verja allt að 15 milljónum króna til íbúðarkaupa í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.
- 5.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF og jafnframt sendur samninganefnd bankanna.

7. gr.

Slit sjóðsins

- 7.1. Nú er SSF lagt niður án þess að annað sameiginlegt félag starfsmanna fjármálafyrirtækja komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.
- 7.2. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á reglugerðinni

- 8.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SSF. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á reglugerðinni á þingi SSF gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

Nánari starfsreglur

- 9.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

- 10.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.



Staðfest af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999.

Styrktarsjóður - þingið samþykkti að greiða atkvæði um allar breytingarnar í einu - samþykktar með öllum greiddum atkvæðum



Kjaranefnd

Andrés Erlingsson kynnti lokatillögur Kjaranefndar

Andrés Erlingsson	FSLÍ
Anna Kjartansdóttir	FSLÍ
Agnes H. Hlöðversdóttir	FSLÍ
Vigdís Sigurðardóttir	FSLÍ
Jóhann J. Ásmundsson	FSLÍ
Helena Rúriksdóttir	Skjöldur (SfArionbanka)
Hildur Ottesen	Skjöldur (SfArionbanka)
Hlíf Berg Gísladóttir	Skjöldur (SfArionbanka)
Hannes Ingvar Jónsson	SÍ
Magnús Halldórsson	SÍ
Sigríður Hjaltadóttir	SÍ
Hulda Þórsdóttir	SPICE
Jón Sveinsson	SfRB
Örn Jónsson	Sf Seðlabanka

Sigurður Albert Ármannsson SSF vildi gera að umtalsefni ályktun nefndarinnar um hugsanlega launahækkun til þeirra sem gangast undir raunfærnimat. Hann vildi koma því á framfæri að þetta gæti haft þau áhrif að færri ættu þess kost að gangast undir raunfærnimatið. Samstarfið við banka-ana hefur verið mjög gott í þessum efnum og þetta gæti komið sér illa í því samstarfi.

Heiðrún Hauksdóttir SfBYR vildi ræða um orðalag vegna framkvæmdar launakannana, það er ekki skrifstofa sem sér um launakannanirnar heldur tekur stjórn SSF ákvörðun um þau mál.

Andrés samþykkti tillögu Heiðrúnar og breytti tillögunni, óskaði jafnframt eftir því að þing kysir sérstaklega um tillöguna um Raunfærnimatið.

Þingforseti spurði Sigurð Albert hvort hann vildi ef til vill bera fram frávísunartillögu sem hann fékk leyfi til að bera fram munnlega. Sigurður Albert gerði það og bar fram þá tillögu að þessari tillögu yrði vísað frá. Greitt voru atkvæði um frávísunartillöguna, hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema þremur.

Þingforseti bar svo fram eina tillögu í einu til samþykktar.

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um;

- Eina launatöflu, sem byggir á núverandi B-launatöflu.
- Að neðstu flokkar úr núverandi launatöflu verði felldar út.
- Um orlofs- og desemberuppbót.
- Að fella út gr. 1.5. úr kjarasamningum.
- Að flýta upphafi starfsaldursþrepa – Eftir 2 ár í starfi og á 2 ára fresti upp í 18 ár í stað 3 ára – 15 ára.

Samþykkt með einu móttakvæði

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um að réttur til veikinda á heimili verði 14 dagar og að miðað sé við börn að 18 ára aldri (enda sé miðað við landslög) og við maka og foreldra starfsmanns.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að endurheimta fyrri forystu í fæðingarorlofi og semji um að hámark fæðingarorlofs verði aldrei lægra en efsti launaflokkur skv. launatöflu.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um styttri vinnuviku þannig að vinnustundir (með matar- og kaffitíma) verði 36 stundir í stað 40 stunda.

Samþykkt með einu móttakvæði

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að launað leyfi til menntunar verði 3 mánuðir eftir 5 ára starfsaldur og 6 mánuðir eftir 10 ára starfsaldur.

Samþykkt með einu móttakvæði

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að endurskoða til hækkunar, í samráði við tryggingasérfræðinga, slysa- og líffrygg- ingar félagsmanna og bæta við sjúkdómtryggingu í næstu kjarasamninga.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samn- inganefndar SSF að semja um jafna launahækkun (í prósentum %) fyrir alla félagsmenn í næstu kjarasamningum.

Samþykkt með tveimur móttakvæðum

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um að dagvinnutími verði fastsettur innan svokallaðs “Flex”-tímabils sem telur frá kl. 08.00 – 18.00.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um gefnir verði 2 frítímar í dagvinnu í stað 1 tíma í yfirvinnu.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um samræmdar reglur um fatapeninga.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að tryggja sömu laun fyrir sambærilega vinnu.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um hækkun framlags í Menntunarsjóð.

Samþykkt með einu mótatkvæði

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að tryggja félagsmönnum rétt til að nýta orlofsrétt sinn utan hefðbundins orlofstímabils.

Samþykkt með einu mótatkvæði

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um að orlofsárið hefjist 25. maí.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um að frí verði gefið á gamlársdag.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar SSF að skrif- stofa SSF geri launakönnun árlega og niðurstöður birtar í launareikni á heimasíðu SSF. Þetta geri allan samanburð á launum milli fyrirtækja gegnsærri, aðgengilegri og auðveldari fyrir félagsmenn og gefi góðan samanburð milli ára á launapróun félagsmanna SSF.

Samþykkt samhljóða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um rétt til lægri vinnuskyldu félagsmanna m.t.t. lífaldurs og starfsaldurs.

Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða

44. þing SSF haldið á Selfossi 18. - 19. mars 2010 beinir þeim tilmælum til stjórnar og samninga- nefndar SSF að semja um rétt félagsmanna til launaviðtals einu sinni á ári.

Samþykkt samhljóða

Fræðslunefnd

Gréta Kjartansdóttir kynnti lokatillögur Fræðslunefndar

Þingforseti bar upp tillögur Fræðslunefndar

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 lýsir ánægju með þátttöku SSF í Framadögum HÍ og skorar á stjórn SSF að leita leiða til að bjóða fram kynningu til háskólanema á starfi stétt- arfélaga

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 samþykkir að beina því til stjórnar SSF að gerð verði tilraun næstu 3 ár með rafræna útgáfu á SSF blaðinu. Miðað verði við útgáfu 4 – 6 sinnum á ári, sem sent verði til félagsmanna og sett á vef SSF. Jafnframt sjái skrifstofa SSF um að halda utan um efni þess á pappír og taka saman til varðveislu í lok hvers árs. Fyrir næsta þing verði gerð könnun meðal félagsmanna á viðtökum við þessari útgáfu og niðurstöður hennar verði kynntar á næsta þingi SSF

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 skorar á stjórn SSF að koma á sem fyrst mati og vottun á starfi fjármálaráðgjafa með svipuðum hætti og tíðkast hefur í Noregi. (sjá www.autorisasjonsordningen.no)

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 mælist til að stjórn SSF sjá til þess að bæta viðmót á framsetningu á kjarasamningum á vef þannig að viðmótið sé sniðið að þeim sem eru að koma að lestri kjarasamninga í fyrsta sinn

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 samþykkir að beina því til stjórnar SSF að nú þegar verði sent erindi til menntamálaráðherra um að eflid verði kennsla í fjármálaræsi í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla. Jafnframt lýsi SSF vilja til samstarfs við skólana um það viðfangsefni

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 samþykkir að beina því til stjórnar SSF að





tekin verði upp rafræn skráning á námskeið trúnaðarmanna. Á námskeiði 4 verði árlega farið yfir það sem breyst hefur í kjarasamningum eða samningsumhverfi félagsmanna.

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 samþykkir að beina því til stjórnar og samninganefndar SSF að leitað verði leiða til að auka framlag í Menntunarsjóð SSF

44. Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. mars 2010 samþykkir fram komnar breytingartillögur við samþykktir Menntunarsjóðs SSF um breytingar á 5. grein samþykta sjóðsins um tekjur og varðveislu fjár sjóðsins tekjur sjóðsins eru:

a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi félagsmanna á hverjum tíma...

44.Þing SSF haldið á Selfossi 18. og 19. Mars 2010 beinir því til stjórnar að leita leiða til að tengja SSF á nýja miðla t.d. Facebook, Twitter os.fr.

Þingið samþykkti að greiða atkvæði um allar tillögurnar í einu og voru þær samþykktar samhljóða

Fjárhagsnefnd

Heiðrún Hauksdóttir kynnti tillögur Fjárhagsnefndar

Tillaga 1 – Félagsgjald til SSF

44. þing SSF samþykkir að félagsgjald til SSF verði óbreytt eða 0,7% og þar af renni 0,1% til vinnudeilusjóðs

(skýr: reiknað af grunnlaunum að viðbættum 13.mánuði og orlofsframlagi)

Tillaga 2 - Stjórnarlaun

44. þing SSF samþykkir að stjórnarlaun verði óbreytt			
Miða skal við launaflokk 203 - 7 í töflu A sem er í dag 422.435			
(skýr: verið er að fastsetja stjórnarlaun við þennan launaflokk yfir starfstímabilið)			
	Grunnur	Hlutfall %	Laun
Formaður	422.435	50%	211.218
1. Varaformaður	422.435	25%	105.609
2. Varaformaður	422.435	25%	105.609
Gjaldkeri	422.435	15%	63.365
Ritari	422.435	15%	63.365
Meðstjórnendur 1-6	422.435	10%	42.244
Meðstjórnendur 1-6	422.435	10%	42.244
Meðstjórnendur 1-6	422.435	10%	42.244
Meðstjórnendur 1-6	422.435	10%	42.244
Meðstjórnendur 1-6	422.435	10%	42.244
Meðstjórnendur 1-6	422.435	10%	42.244
Alls á mánuði		190%	802.627
Alls á ári	13 mánuðir		10.434.145
Launatengd gjöld		23%	2.399.853
		Alls	12.833.998

Tillaga 3 – Fjárhagsáætlun

Þingforseti minnti á að í samþykktum SSF er einungis kveðið á um að greidd séu atkvæði um félagsgjöld en hefð er hinsvegar fyrir því að Stjórnarlaun og Fjárhagsáætlun séu samþykkt á þingi.

Þingforseti bar upp tillögur Fjárhagsnefndar, tillaga 1. Samþykkt samhljóða
tillaga 2. Samþykkt samhljóða
tillaga 3. Samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun SSF 2010 - 2013				Allar upphæðir í þús. króna			
	Áætlun		Raun	Áætlun			
	2009	%	2009	2010	2011	2012	2013
Árgjöld	107.000	23%	131.359	120.000	122.000	124.000	126.000
Vinnudeilusjóður	17.000	25%	21.284	20.000	20.333	20.667	21.000
Leigutekjur	480	31%	630	650	680	700	720
Aðrar tekjur (HASLA)	0		2.195				
Tekjur	124.480		155.468	140.650	143.013	145.367	147.720
Laun og tengd gjöld	44.300	-25%	33.183	35.000	36.000	37.000	38.000
Fræðslustarf	18.000	13%	20.288	25.000	26.000	27.000	28.000
Útgáfu- og kynningarst.	7.000	-12%	6.131	6.500	6.800	7.000	7.300
Erlent samstarf	6.000	27%	7.622	8.000	8.400	8.800	9.200
Kannanir	7.000	-68%	2.211	5.000	3.000	5.000	3.000
Þing	0			8.000			10.000
Afmæli	0						
Rekstur fasteigna	2.400	-5%	2.271	2.500	2.600	2.700	2.800
Viðhald tölvubún. og vefsíðu	1.800	107%	3.732	3.000	3.100	3.200	3.400
Lögfræðikostn.	1.500					2.000	2.500
Endurskoðun	920	26%	1.159	1.200	1.250	1.300	1.350
Rekstur skrifstofu	7.300	-7%	6.770	7.500	7.800	8.000	8.400
Afleiðingar efnahagshruns			26.687	25.000	25.000	0	0
Kjarasamningur	0		0	775	2.000		
Vinnudeilusjóður	17.000	25%	21.284	20.000	20.333	20.667	21.000
Afskriftir	1.900	-26%	1.412	1.500	1.500	1.500	1.500
Gjöld	115.120		132.750	148.975	143.783	124.167	136.450
Hagnaður/tap	9.360		22.718	-8.325	-770	21.200	11.270
Fjármagnstekjur	4.000		18.626	15.000	14.000	12.000	10.000
H/T með fjármunatekjum	13.360		41.344	6.675	13.230	33.200	21.270



Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs SSF 2010 - 2013			Allar upphæðir í þús. króna			
	Raun	Áætlun				
	2009	2010	2011	2012	2013	
Árgjöld	106.490	100.000	101.666	103.334	105.000	
Leigutekjur	210	217	227	233	240	
Tekjur	106.700	100.217	101.893	103.567	105.240	
Styrkir	130.046	120.000	120.000	103.334	105.000	
Hlutdeild í launakostn. SSF	5.063	5.300	5.400	5.500	5.600	
Annar rekstrarkostnaður	3.325	2.800	3.000	3.100	3.200	
Afskriftir	640	640	640	640	640	
Gjöld	139.074	128.740	129.040	112.574	114.440	
Hagnaður/tap	-32.374	-28.523	-27.147	-9.007	-9.200	
Fjármagnstekjur	14.309	9.000	6.500	3.500	1.000	
H/T með fjármunatekjum	-18.065	-19.523	-20.647	-5.507	-8.200	
Handbært fé í árslok 2009	138.544					





Fjárhagsáætlun Menntunarsjóðs SSF 2010 - 2013		Allar upphæðir í þús. króna			
	Raun	Áætlun			
	2009	2010	2011	2012	2013
Árgjöld	42.222	40.000	40.667	41.333	42.000
Framlag frá SSF	7.000				
Tekjur	49.222	40.000	40.667	41.333	42.000
Menntunastyrkir	45.508	40.000	40.667	41.333	42.000
Reikningsskil	137	140	145	150	155
Annar rekstrarkostnaður	18	20	21	22	23
Gjöld	45.663	40.160	40.832	41.506	42.178
Hagnaður/tap	3.559	-160	-166	-172	-178
Fjármagnstekjur	140	0			
H/T með fjármunatekjum	3.699	-160	-166	-172	-178

Kjör til stjórnar SSF

Sjálfkjörið var í nokkur embætti stjórnar SSF en kjósa þurfti í stöður meðstjórnenda. Kjörbréfa-nefnd fór yfir kjörgengi þingfulltrúa. Viðhaft var nafnakall vegna undirbúnings stjórnarkjörs, þeir sem ekki hafa atkvæðisrétt settust til hliðar.

Þau embætti sem sjálfkjörið er í eru:

Formaður SSF Friðbert Traustason

1. Varaformaður SSF Anna Karen Hauksdóttir
2. Varaformaður SSF Andrés Erlingsson

Sveinn Sveinsson formaður kjörnefndar gerði grein fyrir framkvæmd kosninga. Nú voru í framboði og kjósa skyldi átta af níu. Merkja skal með einu x fyrir framan nafn frambjóðanda. Seðillinn er ógildur ef merkt er við fleiri eða færri en átta. 65 þingfulltrúar eru á kjörskrá.

Að loknum kosningum fór kjörnefnd yfir kjörseðla og Sveinn Sveinsson formaður kjörstjórnar las upp niðurstöðuna án þess að tiltaka atkvæðamagn að baki hverjum og einum.

Meðstjórnendur eru réttkjörnir:

Dagmar Björnsdóttir Starfsmannafélagi VALITOR VÍST

Heiðrún Hauksdóttir Starfsmannafélagi BYR

Anna Kristín Björnsdóttir Starfsmannafélagi Arion Banka Skjöldur

Oddur Sigurðsson Starfsmannafélagi Íslandsbanka SÍ

Borga Harðardóttir Félagi Starfsmanna Landsbankans FSLÍ

Bryndís Pétursdóttir Starfsmannafélagi SÍ (Seðlabanka Íslands)

Ingvar Breiðfjörð Starfsmannafélagi Arionbanka Skjöldur

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Bárður Helgason Starfsmannafélag MP banka

Jón Kr. Sveinsson Starfsmannafélag RB

Gjaldkeri SSF – sjálfkjörinn skv. samþykktum

Til vara:

Helga B. Bragadóttir SÍ (Íslandsbanka)

Margrét Bragadóttir Skjöldur (SfArion banka)

Stjórn Styrktarsjóðs

Friðbert Traustason SSF

Anna Karen Hauksdóttir SÍ (Íslandsbanka)

Gjaldkeri SSF – sjálfkjörinn skv. samþykktum

Til vara:

Guðlaug E. Bóasdóttir FSLÍ

Hafþís Hansdóttir Skjöldur (SfArion banka)

Stjórn Menntunarsjóðs

Sigurlaug Friðriksdóttir Skjöldur (SfArion banka)
Sigurjón Gunnarsson FSLÍ
Einn tilnefndur af stjórn SSF skv. samþykktum

Til vara:

Brynjar Már Brynjólfsson SÍ (Íslandsbanka)
Hólmfríður Sigurðardóttir Sf. Teris

Skoðunarmenn reikninga

Helga Jónsdóttir FSLÍ
Gréta Kjartansdóttir SfBYR

Til vara

Anna Kjartansdóttir FSLÍ
Hafdís Hansdóttir Skjöldur (SfArion banka)

Önnur mál

1. Sigurjón varaþingforseti las upp umsókn nýs starfsmannafélags um félagsaðild að SSF. MP banki óskar eftir félagsaðild og uppfyllir þau skilyrði sem SSF setur. Þingið samþykkti aðildarumsóknina með lófataki og er því starfsmannafélag MP banka fullgilt félag innan vébanda SSF.
2. Sigurður Albert bað þingfulltrúa að fletta upp á skýrslu sem er aftast í möppunni sem heitir *SSF and the Financial Crash in Iceland in 2008 – union lessons from an industry that collapsed* og var skrásett af Jan-Erik Lidström að beiðni SSF. Skýrslan fjallar um bankahrunið og viðbrögð og aðgerðir stéttarfélagsins við því. Skýrslan var fyrst og fremst gerð til að eiga heimildir og til að draga lærdóm af.
Það er ýmislegt sem vekur athygli í skýrslunni og áhugavert að sjá að það kemur skýrt fram að allir voru að róa í sömu átt þegar sem mest gekk á.
Sigurður Albert hvatti þingfulltrúa til að kynna sér skýrsluna vandlega.
3. Andrés Erlingsson steig í pontu og þakkaði fyrir gott þing og góð nefndarstörf
4. Brynjar Már steig í pontu og rifjaði upp þingið fyrir þremur árum en þá hvatti hann til þess að yngt yrði upp í hópi þingfulltrúa og sýndist honum það hafa tekist vel. Hvatti hann til þess að haldið yrði áfram að hafa hóp þingfulltrúa sem fjölbreyttastan í aldri.
5. Mottukeppnin var sett í gang meðan beiði var eftir talningu atkvæðaseðla. Sex keppendur börðust um glæsilegustu mottuna en Stefán Ari frá VALITOR hreppi fyrstu verðlaun.
6. Hafdís Hansdóttir þakkaði stjórninni fyrir samstarfið og reynsluna undanfarin ár og lýsti yfir ánægju með að stjórnin væri í góðum höndum Friðberts, Önnu Karenar og Andrésar.
7. Anna Karen Hauksdóttir steig í pontu og þakkaði stuðninginn í kosningunum og kvaðst hlakka til að takast á við þau verkefni sem framundan eru.
8. Pétur Árnason SfBYR steig í pontu og minnti á síðuna www.karlmennogkrabbamein.is

Pingslit

Friðbert steig í pontu og lýsti ánægju sinni með gott þing og þakklæti til þingfulltrúa fyrir að velja hann áfram til formennsku fyrir SSF. Næg verkefni eru framundan með nýrri og öflugri stjórn og nefndir þingsins hafa sett fram ýmsar kröfur á stjórn SSF sem ærinn starfi verður að uppfylla. Friðbert sagðist hafa hugsað sig um hvort hann ætti að bjóða sig fram aftur eftir hamfarirnar sem riðið hafa yfir í bankakerfinu. Það tók mikið á að ganga í gegnum þetta allt saman. Gott fólk sem hefur alla tíð starfað í bankakerfinu missti vinnuna fyrirvaralaust og þurfti mikla aðstoð frá stéttarfélaginu. Það er erfitt að átta sig á hvað gerist næst í fjármálakerfinu og stjórnvöld láta lítið uppi. Segja þó að það eigi eftir „að taka helling til“ en ekki fæst uppgefið hvað á að gera. Það er því öruggt mál að það er engin ró framundan, við munum þurfa að berjast fyrir öllum störfum og okkar kjörum næstu árin.

Það er mikil eftirsjá að þeim tveimur, Hafdísi og Kjartani sem yfirgefa stjórn SSF núna enda hafa þau starfað vel og af heilindum fyrir SSF.

Friðbert afhenti þeim Hafdísi og Kjartani blóm fyrir vel unnin störf í þágu stjórnar og kvaddi þau.

Anna Karen tók svo við og kallaði starfsfólk SSF upp og afhenti þeim blóm og glaðning fyrir vel unnin störf.

Friðbert þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing og þingforsetum fráþæra stjórnun sem gerði kleift að ljúka þingstörfum á tveimur dögum í stað þriggja áður. Þingforsetar og ritarar voru leystir út með gjöfum.

Formaður sleit þingi 15:45



Samþykktir SSF

I. Nafn og hlutverk

1. gr.

Nafn samtakanna er: SSF, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Heimili þess er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur SSF er:

- a) Að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna.
- b) Að hafa forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna og vinna að því að bæta og samræma kjör þeirra í samvinnu við aðildarfélagin.
- c) Að fara með fyrirsvar félagsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir fyrir þeirra hönd skv. lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum.
- d) Að vinna að því að auka alhliða menntun, þekkingu og starfshæfni félagsmanna í kjara- og félagsmálum og starfstengdum efnum með blaðaútgáfu, fræðsluerindum, námskeiðum, eða á hvern þann hátt, sem heppilegur er talinn á hverjum tíma.
- e) Að hafa samstarf við önnur launþegasamtök og koma fram fyrir hönd félagsmanna á innlendum og erlendum vettvangi.
- f) Að hafa yfirumsjón með sjóðum SSF. Um sjóði þessa gilda nánari starfsreglur sem samþykktar skulu á þingi SSF.

II. Aðild

3. gr.

Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við banka, sparisjóði, önnur fjármálafyrirtæki og þjónustustofnanir þessara aðila.

Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.

4. gr.

Rétt til aðildar að SSF hafa:

- a) Félög starfsmanna innan fyrirtækja. Ekki getur nema eitt félag við hvert fyrirtæki orðið aðili að SSF. Félagsaðild er bundin við 12 manna félög eða stærri. Verði félagar aðildarfélags færri en 10, breytist aðild í einstaklingsaðild. Aðild félaga starfsmanna nær til allra félagsmanna sem eru í viðkomandi félagi og eru einnig félagsmenn SSF á hverjum tíma, sbr. 5. gr.
- b) Einstaklingar sem starfa við fyrirtæki, þar sem ekki eru félög og einnig þeir einstaklingar sem kjósa að vera ekki í félögum starfsmanna sbr. a) lið.
- c) Starfsmenn skrifstofu SSF.

5. gr.

Aðalfélagar að SSF eru allir þeir sem 4. gr. nær til aðrir en þeir sem ráðnir eru til sumarafleysinga eða annarra afleysingastarfa, sem ætlað er að standi skemur en 4 mánuði.

Þeir sem ekki eru aðalfélagar hafa ekki kosningarétt og kjörgengi skv. samþykktum þessum eða gildandi samkomulagi um kjarasamninga SSF.

6. gr.

Félög sem eru aðilar að SSF skulu starfa samkvæmt samþykktum sem ekki brjóta í bága við grundvallaratriði í samþykktum SSF.

Umsókn félags um aðild að SSF fylgi eftirtalin gögn:

- a) Eintak af samþykktum félagsins.
- b) Félagsmannatal þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn SSF.
- c) Nöfn stjórnarmanna og varastjórnar, svo og aðrar þær upplýsingar, sem stjórn SSF óskar eftir.

Stjórn SSF tekur ákvörðun um inntöku nýrra félaga, en leita skal staðfestingar næsta þings SSF. Vilji einstaklingur, sem starfar hjá fyrirtæki þar sem ekki er félag starfsmanna, ganga í SSF, skal hann senda skriflega umsókn þar um til SSF. Umsóknina skal leggja fyrir á næsta stjórnarfundi sem haldinn er eftir að umsókn berst skrifstofu SSF. Stjórn SSF skal ákvarða svo fljótt sem verða má hvort umsókn um einstaklingsaðild er samþykkt eða henni synjað.

7. gr.

Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 8 stjórnarmanna af 11. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða.

Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

8. gr.

Aðila, sem vikið hefur verið úr SSF, má taka inn að nýju, enda sé fullnægt þeim skilyrðum, sem stjórn þess eða þing SSF telur nauðsyn að setja hverju sinni.

9. gr.

Úrsögn félags úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt á lögmætum aðalfundi félags og þess getið í fundarboði að tillaga um úrsögn úr sambandinu liggi fyrir. Gera skal stjórn SSF viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara.

Úrsögn tekur gildi að 4 mánuðum liðnum frá því að hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag gjaldskylt fyrir það tímabil. Félag sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna félagsins.

III. Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

10. gr.

Félagsmenn er láta af starfi um stundarsakir vegna náms er varðar starf þeirra, glata ekki aðildarrétti sínum meðan á námi stendur.

11. gr.

SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir stjórnir aðildar-félaganna, fulltrúaráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

12. gr.

Aðildarfélög skulu að loknum aðalfundi sínum senda skrifstofu sambandsins:

- a) Skýrslu stjórnar.
- b) Ályktanir og samþykktir um kjaramál og önnur stéttar-málefni.

13. gr.

Stjórnarmenn SSF og framkvæmdastjóri eiga rétt til að sækja almenna félagsfundi aðildarfélaga, þegar sérstaklega er fjallað um málefni SSF skv. auglýstri dagskrá og hafa þeir málfrelsi til jafns við aðra fundarmenn. Stjórn SSF er skylt að senda fulltrúa á fundi aðildarfélaga eða félagsstjórna ef þess er óskað.

14. gr.

Ef stjórn SSF, þing eða formannafundur telja nauðsyn bera til að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram. Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá yfir þá félagsmenn sem aðild eiga að SSF. **IV.**

IV Fulltrúakjör

15. gr.

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúarmánuði þingárs. Félagin kjósi varafulltrúa.

Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarfélaga, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgæfna félagatölu SSF-félaga 1. nóvember árið fyrir þingár, að frádreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarfélaga-tala aðildarfélaga SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF fyrir 30. mars þingár.

V. Þing SSF

16. gr.

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málum og telst fullgilt sé til þess boðað í samræmi við samþykktir SSF. Stjórn, varastjórn og starfsmenn SSF eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hafa ekki nema kjörnir fulltrúar. Að auki er stjórn SSF heimilt að bjóða gestum að sitja þingið sem áheyrnarfulltrúar.

17. gr.

Reglulegt þing skal halda þriðja hvert ár.

Stjórn SSF skal kalla saman aukað þing þegar henni þykir nauðsyn eða ef meirihluti félagsmanna í SSF krefjast þess skriflega.

18. gr.

Þing SSF skal boða með tveggja mánaða fyrirvara. Aukað þing má boða með skemmst 5 daga fyrirvara.

19. gr.

Skýrslu stjórnar SSF, endurskoðaða reikninga, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem stjórnin eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing svo og dagskrá, skal senda þingfulltrúunum eigi síðar en 10 dögum fyrir þing.

Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar þannig fyrir á þinginu, að unnt sé að fjalla um þær í þeirri þingnefnd, sem málið tilheyrir.

20. gr.

- a) Stjórn SSF skal mánuði fyrir þingbyrjun skipa þrjú félagsmenn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álitum á fyrsta þingfundi.
- b) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síður en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar, kynna framboðendur og kalla eftir upplýsingum um þá sem tilnefndir eru

sem fastafulltrúar í stjórn félagsins. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

21. gr.

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
 - a) Forseta og varaforseta.
 - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.

Kosning fastanefnda þingsins.

1. Kjörnefnd (5)
2. Laganefnd, ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir (5)
3. Fjárhagsnefnd - ótiltekið
4. Allsherjarnefnd - ótiltekið
5. Kjaranefnd - ótiltekið
6. Fræðslunefnd - ótiltekið
5. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar. (sjá gr. 24)
6. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
7. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
8. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
9. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
10. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.
11. Önnur mál.

22. gr.

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt almennum þingsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

VI. Fjármál

23. gr.

Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Reikningar SSF og sjóða skulu lagðir fyrir reglulegan formannafund árlega til fullnaðar afgreiðslu.

24. gr.

Hver félagsmaður SSF greiði mánaðarlega félagsgjald til SSF. Þing SSF ákveður upphæð þessa gjalds að fengnum tillögum fjárhagsnefndar.

25. gr.

Kostnaður við þinghald og formannafundi greiðist af SSF, þar með talin fargjöld fulltrúa búsettra utan Reykjavíkur og nágrennis.

VII. Stjórn SSF

26. gr.

Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Stjórnina skipa 11 menn. Þau aðildarfélög sem hafa yfir 500 félagsmenn skulu tilnefna hvert fyrir sig einn fastafulltrúa í stjórn. Að auki skulu aðildarfélög innan sparisjóða og fyrirtækja í þeirra eigu skipa einn fastafulltrúa í stjórn. Önnur aðildarfélög en þau sem nefnd hafa verið hér að framan skulu einnig skipa sameiginlega einn fastafulltrúa í stjórn. Fastafulltrúar tilheyra viðkomandi félögum.

Formaður félagsins er sérstaklega kosinn á þingi. Að auki skal kjósa um meðstjórnendur af þeim félagsmönnum sem hafa boðið sig fram til stjórnarsetu. Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga.

Stjórnin kýs 1. og 2. varaformann, féhirðir og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kýs stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.

27. gr.

Stjórn SSF stjórnar málefnum þess milli þinga. Stjórnin annast rekstur SSF og hagar störfum sínum í samræmi við samþykktir þess.

28. gr.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum og skal þá að jafnaði einn stjórnarmanna vera í hverri nefnd. Einnig er stjórninni heimilt að skipa einstaka félagsmenn til að annast afmörkuð verkefni fyrir hennar hönd.

29. gr.

Formaður kallar saman stjórnarfundi. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum og undirritar þær með for-

manni. Féhirðir sér um fjárreiður SSF og varðveislu sjóða. Hann hefur umsjón með gerð ársreikninga og skilum á þeim til endurskoðunar.

30. gr.

Stjórnarfundur skal kalla saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði vetrarmánuðina. Ennfremur ef tveir stjórnarmenn æskja þess og þá innan viku frá því að sú ósk berst formanni. Dagskrár sé getið með fundarboðum.

31. gr.

SSF er aðili að norrænum Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja NFU og einnig alþjóðlegum samtökum starfsmanna við þjónustustörf UNI, og tekur þátt í störfum þeirra.

VIII. Ákvæði vegna laga um kjarasamninga

32. gr.

Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok gildistíma kjara-samnings skal stjórn SSF skipa a.m.k. sjö menn í samninganefnd SSF. Formaður og varaformenn SSF skulu vera sjálfkjörnir í samninganefnd. Þegar fjallað er um þýðingarmiklar ákvarðanir skal hafa náði samstarf við ein-stök aðildarfélög og boðar stjórn SSF formenn félaganna til fundar í því skyni.

33. gr.

Stjórn SSF og samninganefnd er heimilt að skipa undir-nefndir til þess að starfa að einstökum verkefnum við undirbúning samninga og samningagerð.

34. gr.

Sameiginlegur fundur aðal- og varastjórnar SSF og samninganefndar ásamt formönnum aðildarfélaga, tekur ákvörðun um uppsögn eða endurskoðun kjarasamninga. Um boðun verkfalls skal fara fram atkvæðagreiðsla samkvæmt lögum nr. 80/1938. Um framkvæmd slíkrar atkvæða-greiðslu skal fara eftir sömu reglum og gilda um atkvæða-greiðslu um kjarasamning.

35. gr.

Takist samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd SSF undirrita það með fyrirvara um endanlegt samþykki að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu er bindandi fyrir stjórn SSF. Allir aðalfélagar SSF, sem eiga í kjaradeilu, hafa atkvæðisrétt. Allsherjaratkvæðagreiðslu skal lokið innan þriggja vikna frá undirritun kjarasamnings. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímanum er ekki skylt að hafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

36. gr.

Þriggja manna yfirkjörstjórn, er stjórn SSF skipar, skal hafa yfirmsjón með undirbúningi og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna SSF. Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá, sem gerð er eftir félagaskrá SSF. Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörskrárdeilur. Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið, skulu atkvæði og kjörgögn send til yfirkjörstjórnar og fer talning fram undir stjórn hennar. Yfirkjörstjórn úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Úrskurður yfirkjörstjórnar er endanlegur.

IX. Formannafundur

37. gr.

Þegar stjórn SSF telur þess þörf og eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.

38. gr.

Formannafundur hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF.

39. gr.

Formaður SSF boðar til formannafunda. Einnig ef þrír formenn aðildarfélaga æskja þess og skal þá boða til fundar innan viku frá því að sú ósk berst formanni SSF. Stjórn SSF er heimilt að setja nánari reglur um störf á formannafundum.

X. Heiðursmerki

40. gr.

Heiðursmerki SSF er merki SSF úr gulli. Heiðursmerki má veita þeim aðilum, íslenskum eða erlendum sem unnið hafa gott starf í þágu félagsmanna SSF. Stjórn SSF ákveður veitingu heiðursmerkja og skal ákvörðunin um það vera einróma samþykkt af stjórninni. Skrifstofa SSF skal færa sérstaka "gullbók" þar sem skráð eru nöfn og helstu æviatriði þeirra, er gullmerkið hljóta.

XI. Breytingar á samþykktum

41. gr.

Samþykktum SSF er aðeins hægt að breyta á þingi SSF og öðlast tillögur til breytinga því aðeins gildi að þær séu samþykktar með minnst 2/3 greiddra atkvæða. Tillögum til breytinga á samþykktum skal skilað til stjórnar SSF í síðasta lagi tveim vikum áður en þing er sett og skulu þær liggja frammi á skrifstofu SSF.

42. gr.

SSF verður því aðeins slitið, að þing SSF og aukabing, sem haldið sé innan tveggja mánaða frá lokum þings SSF samþykki slitin með 2/3 greiddra atkvæða. Til aukabingsins fari fram nýtt fulltrúakjör í aðildarfélagunum. Um eignir SSF við slit þess fer eftir því sem meirihluti tveggja þinga SSF ákveður.

43. gr.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir SÍB.

Samþykkt á aukabingi SÍB 19. apríl 1978

Samþykktum breytt á 35. þingi SÍB 1985,

á 36. þingi 10. apríl 1987,

á 37. þingi 12. apríl 1991,

á 38. þingi 26. apríl 1993,

á 39. þingi 24. mars 1995,

á 40. þingi 21. mars 1998,

á 43. þingi 18. apríl 2007.

Samþykktum breytt á 44. þingi SSF 19. mars 2010.

Samþykktir fyrir vinnudeilusjóð SSF

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SSF og er eign þess. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur sem boðaðar hafa verið skv. 36. gr. samþykktu SSF.
- b) að styrkja norræna bankamenn í vinnudeilu samkvæmt samningi SSF við norræn systursamtök þar um.
- c) að styðja önnur íslensk stéttarfélög í vinnudeilu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skulu 2 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF:

Formaður og ritari, sem jafnframt gegnir stöðu varaformanns. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins.

Gjaldkeri SSF kallar stjórnina saman eigi síðar en mánuði eftir sambandsþing.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga og geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum, sbr. þó 29. gr. samþykktu SSF, en skv. henni fer stjórn sambandsins með æðsta vald í málefnum þess milli þinga. Sjóðurinn skal vera sjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald.

Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir fram samhliða reikningum SSF.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru núverandi eigur Kjaradeilusjóðs SSF.

Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárisins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eða sparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók.

Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni. Tekjur sjóðsins miðist við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF.

6. gr.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt grein 2 a á hver félagsmaður SSF sem greiðir félagsgjald og verður fyrir tekjumissi vegna vinnudeilu er SSF er aðili að.

Stjórn sjóðsins skal setja nákvæmar reglur um úthlutun til félagsmanna og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Úthlutunarreglur skal ætíð endurskoða inna viku frá því að verkfall er boðað.

Halda skal sérstaka gerðabók yfir úthlutunarbeiðnir og -veitingar úr sjóðnum.

7. gr.

Verði vinnudeilusjóður SSF lagður niður ráðstafar þing SSF eignum hans.

8. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

Samþykkt á 36. þingi SSF 1989.

Endurskoðað á 43. þingi SÍB í apríl 2007 og

á 44. þingi SSF 18-19 mars 2010.

Starfsreglur Menntunarsjóðs SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SSF.

Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt ákvörðun þings SSF 2001.

Sjóðurinn er í vörslu Samtaka Starfsmanna Fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild.

Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar.

3. gr.

Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga:

Fullgildir félagsmenn SSF skv. samþykktum SSF.

Atvinnulausir félagsmenn SSF sem hafa verið samfelld félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu.

Umsókn um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna.

Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á 12 mánuðum eftir námslok.

4. gr.

Stjórn og rekstur

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SSF og einn skipaður af stjórn SSF. Jafnframt skal þing SSF kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SSF. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana.

Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SÍB og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

Ekki er greidd þóknun fyrir stjórnarsetu í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi félagsmanna á hverjum tíma.
- Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir.
Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF.

7. gr.

Slit sjóðsins

Nú er SÍB lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á starfsreglum

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt svo á 43. þingi SSF 2007.

Endurskoðað á 44. þingi SSF 19. mars 2010.

Samþykktir Styrktarsjóðs SSF

1. gr.

Nafn sjóðsins

1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður SSF

1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli bókonar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var 3. apríl 1997.

1.3. Sjóðurinn er eign Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

2.1. Verkefni Styrktarsjóðs SSF eru eftirfarandi:

2.1.1. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa, enda hafi launatekjur þeirra fallið niður.

2.1.2. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti vegna langvarandi veikinda maka og barna, enda hafi sjóðfélagi misst launatekjur vegna þeirra.

2.1.3. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna áfengismedferðar, enda hafi launatekjur fallið niður.

2.1.4. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranuðs og meðferðar hjá kíröráktorum (hnykkjum) sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða eða nýtur opinbers stuðnings með öðrum hætti.

2.1.5. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna krabbameinsskoðunar og hjartaskoðunar.

2.1.6. Að greiða félagsmönnum SSF, sem þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóms eða fötlunar til að geta sinnt starfi sínu, styrk til kaupa á slíkum tækjum.

2.1.7. Að greiða mökum eða börnum félagsmanna SSF útfararstyrki vegna fráfalls félagsmanns.

2.1.8. Að greiða læknisvottorð sem nauðsynleg eru vegna umsókna úr Styrktarsjóði SSF.

2.2. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist á sex mánuðum.

2.3. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í þeim skal m.a. kveðið á um hversu lengi greiðslur vari, hvort greiðslur hefjist að tilteknum tíma liðnum frá því að launagreiðslur féllu niður, hversu háar greiðslur séu í hverju einstöku tilviki og hvernig umsóknum um greiðslur úr sjóðnum skuli háttað. Greiðslur skv. lið 2.1.8. skulu þó nema að fullu þeim kostnaði sem þar um ræðir.

2.4. Reglur um greiðslur úr sjóðnum skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hafi fjárhagsstaða sjóðsins rýrnað verulega að mati stjórnar hans skulu réttindi til greiðslu úr sjóðnum skert, en aukin hafi fjárhagsstaðan batnað verulega.

2.5. Sjóðnum er heimilt að kaupa váttryggingu er komi að einhverju eða öllu leyti í stað greisluskyldu sjóðsins skv. 1. mgr.

3. gr.

Réttur til styrkja

3.1. Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga:

3.1.1. Fullgildir félagsmenn SSF skv. lögum samtakanna.

3.1.2. Atvinnulausir félagsmenn SSF skv. nánari ákvörðun stjórnar SSF.

3.2. Þeir, sem greitt hefur verið fyrir í Styrktarsjóði SSF í a.m.k. sex mánuði, eiga rétt á greiðslu í hlutfalli við vinnuframlag viðkomandi. Stytta má þennan tíma hafi umsækjandi áður verið fullgildur félagi í SSF.

- 3.3. Styrkveitingar geta hafist frá þeim tíma er samningsbundnum launagreiðslum lýkur. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.
 - 3.4. Umsókn um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.
 - 3.5. Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.
4. gr.

Stjórn og rekstur

- 4.1. Fulltrúar SSF í stjórn sjóðsins skulu vera þrír og skulu tveir þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera í stjórn sjóðsins og gjaldkeri hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankanna á hverjum tíma.
 - b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- 5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SSF á móti SSF. Sjóðnum er heimilt að verja allt að 15 milljónum króna til íbúðarkaupna í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.
- 5.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF og jafnframt sendur samninganefnd bankanna.

7. gr.

Slit sjóðsins

- 7.1. Nú er SSF lagt niður án þess að annað sameiginlegt félag starfsmanna fjármálafyrirtækja komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.
- 7.2. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á reglugerðinni

8.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SSF. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á reglugerðinni á þingi SSF gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

Nánari starfsreglur

9.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

10.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999. Endurskoðað á 44. þingi SSF í mars 2010. Yfirlýsing frá SSF um Styrktarsjóð SSF Á fyrsta starfsári Styrktarsjóðs SSF verður 10% af tekjum hans varið í styrki skv. grein 2.1.9 í reglugerð sjóðsins. Þetta hlutfall verður síðan endurskoðað árlega og breytt í samræmi við stöðu hans.

Áherslur í starfi SSF

- Kjarasamningur tryggir samkeppnishæf kjör og betri lífeyrisréttindi
- Launa- og kjarakannanir auðvelda félagsmönnum að meta eigin stöðu
- Ráðgjöf í álitamálum um laun, kjör og lífeyrisréttindi
- Jafnréttismál og fjölskylduvænn vinnutími auka lífsgæði félagsmanna
- Menntunarsjóður styður félagsmenn til símenntunar sem eykur verðmæti þeirra á vinnumarkaði
- Styrktarsjóður til forvarna og stuðnings í veikindum
- Gott samstarf við fyrirtækin, aðildarfélög og trúnaðarmenn



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA